



PISTILL FORMANNS	4
PISTILL FRAMKVÆMDASTJÓRA	5
SAMTÖKIN Í TÖLUM	6
VIÐBURÐAANNÁLL	7
ALMENNT FÉLAGSSTARF	8
Aðalfundur 2022	
Starfsáætlun stjórnar	
Félagsfundir	
Stjórn	
Félagaráð	
Hagsmunaráð	
Félagslegir skoðunarmenn reikninga	
Ungmennaráð	
Starfshópar og nefndir innan Samtakanna '78	
Fagråd Samtakanna '78	
HAGSMUNAFÉLÖG	13
Trans Ísland	
Bangsafélagið	
Hinsegin Vesturland	
Hinsegin Austurland	
Hinsegin Norðurland	
Hinsegin dagar – Reykjavík Pride	
Íþróttafélagið Styrmir	
Hinsegin kórinn	
Q – félag hinsegin stúdenta	
Trans vinir	
BDSM á Íslandi	
Intersex Ísland	
Ásar á Íslandi	
REKSTUR OG FJÁRMÁL	19
Þjónustu- og styrktarsamningar við ríkið	
Þjónustusamningar við sveitarfélög	
Regnbogavinir Samtakanna '78	
Samningar við stofnanir	
Styrkir einstaklinga og fyrirtækja	
Samningar við fyrirtæki	
Samstarf við fyrirtæki	
Uppfærð gjaldskrá	
Komandi rekstrarár	
STARFSFÓLK OG HÚSNÆÐI	25
Starfsfólk og skrifstofa	
Verktakar	
Starfsnemar	
Sjálfbóðaliðastarf	
Húsnæðismál	
VEFUR OG SAMFÉLAGSMÍÐLAR	27
Heimasíða	
Facebook	
Instagram	
Twitter	

Félagatal, félagsgjöld og félagsskírteini
Útgáfa

ALÞJÓÐASAMVINNA 29

Regnbogakort ILGA-Europe
Árþing ILGA-Europe
Efling norræns samstarfs
Vestnorrænt samstarf
Verkefni með Rúmeníu
Rúmenía: Nýtt verkefni
Verkefni með Eistlandi
Verkefni með Litháen
IDAHOT+Forum ráðstefna í Reykjavík
Almennt um EEA (Active Citizen Fund) styrki
Aukið samstarf við AUS
Úkraína
NIKK

RÁÐGJAFAPJÓNUSTA OG LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF 33

Almennt um ráðgjafapjónustuna
Markmið með ráðgjöfinni
Ráðgjafateymi
Almennt um notendur þjónustunnar
Tölfræði ársins
Stuðningshópar
Lögfræðiráðgjöf
Þróun núverandi þjónustu og utanumhalds
Framtíð ráðgjafapjónustunnar

FRÆÐSLUSTARF 38

Almennt um fræðsluna
Fræðslusamningar
Tölulegar upplýsingar
Fræðsluteymi
Viðbragð við breyttum aðstæðum
Framtíð fræðslunnar
Vísir að hinsegin vottun – fyrirtæki
Kennaraþing
Lögreglan og fangelsismálastofnun
Íþróttافرæðsla

ALÞJÓÐLEG VERND OG FÓLK Á FLÓTTA 41

Samskipti við Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála
Mikilvæg ákvörðun héraðsdóms
Neyðaraðstoð
Aukin pressa frá Bandaríkjunum og Rússlandi
Samningur vegna móttöku kvótaflóttafólks

VIÐBURÐIR, MENNING OG SAGA 42

Landsþing hinsegin fólks
Samtökin '78 á Hinsegin dögum
Starfsemi í Regnbogasál
Ein saga – Eitt skref
Hinsegin kaupfélagið

RÉTTINDA- OG HAGSMUNABARÁTTA**44**

Bælingarmeðferð
 Aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks
 Umsagnir til Alþingis og í samráðsgátt stjórnvalda
 Bakslag í réttindabaráttu trans fólks
 Upplýsingaóreiða og falsfréttir
 Kæra á hendur vararíkissaksóknara
 Meinlaust, samstarf með Jafnréttisstofu
 Blóðgjafir MSM
 Niðurgreiðsla á geymslu og upptöku kynfruma hjá Livio
 Reglugerð um hollustuhætti og reglugerð um vinnueftirlit
 HIV-jákvæðir og sjúkratryggingar
 Umboðsmaður barna
 Barna- og fjölskyldustofa
 Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
 Embætti landlæknis
 Sóttvarnalæknir
 Heilbrigðisráðuneytið
 Forsætisráðuneytið
 Landspítali - Háskólasjúkrahús
 Félags- og vinnumálaráðuneytið
 Samngirnismáttur til intersex fólks
 Trans teymi BUGL
 Trans teymi LSH
 Samráð með neyðarlínu og neyðarmóttöku
 Sýslumannsembætti
 Lögreglan og lögregluskólinn
 Fangelismálastofnun

UNGMENNASTARF**52**

10–12 ára og 13–15 ára starf
 16–17 ára starf
 18–25 ára starf (HinUng)

VIÐAUKAR**56**

Fjölmiðlaskýrsla ársins 2022
 Yfirlit fræðsluerinda
 Yfirlit fræðsluerinda í Reykjavík



Kæra félagsfólk,

Þegar ég tók við formennsku Samtakanna '78 fyrir ári síðan óraði mig ekki fyrir því hversu viðburðaríkt og gefandi þetta ár gæti orðið. Ég vissi vel að það yrði nóg að gera, úmis flókin og erfið verkefni sem þyrfti að liggja yfir og leysa, en líka að það yrði stórskemmtilegt. Einhvern veginn fór þetta samt allt fram úr mínum björtustu vonum.

Það má með sanni segja að starfsemi Samtakanna '78 hefur haldið áfram að springa út eins og sést á síðum þessarar ársskýrslu. Við höfum aukið allt faglegt starf, ráðgjöf, fræðslur og opnað félagsmiðstöðina fyrir börnum 10-12 ára. Ekki var vanþörf á, því allt er þetta vel sótt samfélaginu okkar til góða.

Stjórnvöld hafa sýnt það á þessu ári að þeim er alvara með að hífa Ísland upp á regnbogakortinu. Aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks var samþykkt á Alþingi í júní og frumvarp stjórnarandstöðu um bann við bælingarmeðferð hinsegin fólks var lagt aftur fram en hefur ekki fengið afgreiðslu. Mestu munar um stóraukið fjármagn til að standa undir auknum umsvifum félagsins. Nú í febrúar undirrituðum við forsætisráðherra samning um viðbótarfjármagn sem annars vegar er ætlað að styrkja fjárhagsstöðu Samtakanna '78 til frambúðar og hins vegar sérstök fjárveiting til að bregðast við bakslaginu sem við höfum séð. Með þessu sýna stjórnvöld að þau geta brugðist hratt við þegar vegið er að réttindum okkar og eiga þau þakkir skilið fyrir.

En bakslagið er ekki kveðið í kútinn af sjálfu sér með tékkahefti. Við erum tilbúin og munum halda áfram að takast á við það verkefni tvífeld á þessu ári.

Samtökin '78 hafa aldrei staðið sterkari fótum og það er ekki síst ykkur öllum að þakka. Við sem störfum innan Samtakanna '78 finnum fyrir stuðningi félagsfólks, hinsegin samfélagsins og regnbogavina. Það skiptir öllu máli að við stöndum öll saman og styðjum hvert annað til góðra verka. Við eigum svo margt sameiginlegt og mannréttindi okkar allra byggja á mannréttindum hvers annars. Höldum fast í þau.

Ykkar,
Álfur Birkir



Kæru samtök.

Samtökin '78 eru eins og vistkerfi. Gríðarlegur fjöldi einstaklinga sem koma saman og byggja eina stóra fallega heild, og vinnum saman í gegnum súrt og sætt. Við vinnum öll saman, þvert á ólíkindi og jafnvel ágreining en vinnum að sama markmiði; gera okkur kleift að vaxa, þjónusta, hlusta, heyra, skilja, miðla, elska og halda alltaf áfram – alveg sama hvað bjátar á.

Við erum í miðjum stormi, eða við getum frekar sagt að á móti okkur blási ákveðinn stinningskaldi. Við höfum val um það að hætta að rölta, standa í stað og bíða rokið af okkur eða hvort við eigum að smella á okkur tveimur yfirhöfnum til viðbótar og taka á rás. Við sem samtök höfum valið síðari kostinn, því kæri félagi, miðað við þessa ársskýrslu þá erum við í sókn á öllum stöðum og höldum áfram að vaxa sem félagasamtök, samfélaginu okkar til heilla.

Það er stundum þannig að félagasamtök vinna langmest á bakvið tjöldin. Reyna að þrýsta á hið opinbera, stofnanir, heilbrigðiskerfið, fyrirtæki og fleiri til að vinna að réttarbótum fyrir hinsegin fólk. Þessi vinna er jafnan ósýnileg en þrátt fyrir þá miklu vinnu þá hafa samtökin sjaldan verið sýnilegri, rétt eins og fjölmiðlaskýrsla sýnir sem er viðauki við þessa ársskýrslu.

Því það er mikilvægt að halda í sýnileikann og láta aldrei undan falsfréttunum, hatursorðræðunni og því bakslagi sem við höfum fundið fyrir á síðustu árum. Það sem hefur einnig gerst á síðustu árum er að samtökin okkar hafa eflst, við höfum getað ráðið inn sérfræðinga í ráðgjöf, fræðslu og ungmennastarf, sem og við höldum ávallt áfram hagsmuna- og réttindabaráttunni, en aldrei hafa fleiri undirkaflar verið um það síðastnefnda í ársskýrslum Samtakanna '78 áður.

Undirritaður ætlar ekki að tönnlast á bakslaginu, við vitum öll af því, en það sem hann ætlar að gera er að tönnlast á einu: Við eigum hvort annað að og saman getum við gengið í gegnum hvað sem er. Við megum aldrei gleyma því hver við erum, hvaðan við komum og fyrir hverju við berjumst á degi hverjum. Því það skiptir svo sannarlega máli.

Ykkar,
Daníel

431

FRÆÐSLUERINDI

12.717

MANNS SEM FENGU
FRÆÐSLU

1.060

RÁÐGGJAFATÍMAR
Á ÁRINU

304%

AUKNING Í RÁÐGGJÖF
Á SÍÐUSTU FIMM
ÁRUM

800

EINSTAKLINGAR
Í VIRKRI RÁÐGGJÖF

14

EINSTAKLINGAR
SEM LEITA AÐ
ALÞJÓÐLEGRI VERND

42

STUÐNINGSHÓPAR
Á ÁRINU

138

MEÐALTALS-
MÆTING Í
UNGMENNASTARF

1.455

SKRÁÐ Í FÉLAGIÐ

30+

VIÐBURÐIR

412%

AUKIN AÐSÓKN Í
UNGMENNASTARF
SÍÐUSTU FIMM ÁRIN

250+

BEIÐNIR, ERINDI OG
FYRIRSPURNIR Á VIKU

2022

16. mars	Breytingar á lögum um útlendinga – Hvers vegna? Hvenær? Hvernig?
30. mars og 27. apríl	Drag Bingó á Loft Hostel
1. apríl	„Hinsegin gæludýrið“
4. apríl	Örnámskeið í viðburðastjórnun
6. apríl	The Color Purple bókaklúbbur
22. apríl	Trúnó: Góðan daginn, faggi
24. apríl	Hinsegin fræðsla fyrir fatlað fólk
4. maí	Bókaklúbbur: Kossar & ólífur
5. maí	Góðan daginn, faggi
7. maí	Félagsfundur að vori
7. maí	Kynslóðaspjall trans karla
7. maí	„That’s hot“ – 2000s Party
9. maí	44 ára afmæli Samtakanna '78
12. maí	Eurovision opið hús
28. maí	Samtal við hinsegin ungmenni
23. júní	Sumarhátíð Samtakanna '78
25. júní	Ein saga, eitt skref
25. júní	Minningarstund
2. ágúst	Skiltagerð fyrir Pride
5. ágúst	Hinsegin vinnumarkaður
27. ágúst	Samtakasamstaða
22. september	Pop-up bókaklúbbur: Mánasteinn
12. október	Saumaklúbbur
29. október	Félagsfundur: Við stöndum sterk
3. nóvember	Briddsnámskei
6. nóvember	Ekki í okkar nafni! Mómælum brottvísunum
28. nóvember	„Graðar konur, kvár og bleiki þríhyrningurinn“
8. desember	Kynheilbrigði trans fólks: Spjall og fræðsla um PrEP

2023

4. febrúar	Námskeið í femínískri sjálfsvörn
23. febrúar	Sjálfboðaliðafundur: Fyrstu skref í starfinu

AÐALFUNDUR 2022

Aðalfundur ársins 2022 var haldinn í Sunnusal, lðnó, 6. mars 2022. Var fundurinn sá fyrsti sem haldinn var án nokkurra samkomutakmarkana vegna COVID-19 í tvö ár. Fundurinn var staðfundur og sóttu um 60 félagar fundinn. Fundarstjóri var Hanna Katrín Friðriksson og fundarritari Gísli Garðarsson.

Á fundinum voru hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins, nýr formaður og ný stjórn kjörin, ásamt því að breytingatillögur vegna laga eða stefnu voru teknar fyrir. Þorbjörg Þorvaldsdóttir, sem gegnt hafði stöðu formanns í þrjú ár, tilkynnti fyrir aðalfund að hún sæktist ekki eftir áframhaldandi setu sem formaður og því viðbúið að kjósa þyrfti um embættið. Tvö sóttust eftir formannsembættinu, þau Arna Magnea Danks og Álfur Birkir Bjarnason. Fór svo að Álfur Birkir var kjörinn formaður Samtakanna '78 til eins árs.

Fimm voru í framboði um þrjú laus sæti í stjórn. Fór svo að Bjarndís Helga Tómasdóttir, Mars M. Proppé og Vera Illugadóttir voru kjörin í stjórn til tveggja ára. Engin umsókn barst vegna stöðu hagsmunafélags og fór því kjör um slíkt ekki fram á fundinum.

Nánar má lesa um aðalfund ársins 2022 á vef Samtakanna '78 undir fundargerðir, en þar er ítarleg fundargerð opinber.

STARFSÁÆTLUN STJÓRNAR

Líkt og fyrri ár setti ný stjórn sér ákveðin markmið og meginverkefni fyrir starfsárið 2022–2023. Stjórn ásamt starfsfólki lagði land undir fót og ferðaðist til Hríseyjar þar sem við tók þriggja daga vinnuhelgi. Sú vinna var svo tekin saman af starfsfólki nokkrum dögum eftir að heim var komið og borið upp á sérstökum vinnufundi stjórnar.

Enn er unnið eftir grunngildum sem síðasta stjórn setti sér og kynnti fyrir félagsfundi sem og félagaráði og hagsmunaráði.

Samtökin '78 eru hagsmuna- og baráttusamtök hinsegin fólks á Íslandi. Markmið félagsins er að hinsegin fólk verði sýnilegt og viðurkennt og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi. Gildi Samtakanna '78: Hugrekki og samstaða. Leiðarvísar Samtakanna '78 eru:

- hafa hugrekki til að ögra ríkjandi viðhorfum
- eru samtök alls hinsegin fólks og sá fjölbreytti hópur fólks endurspeglast í sýnileika okkar
- nálgast viðfangsefni sín af fagmennsku og ábyrgð

Meginstefnu stjórnar fyrir árið 2022–2023 var skipt í fjóra flokka: Fræðslu, ráðgjöf, hagsmunabaráttu og ráðgjöf. Byggði þessi stefna á fyrri stefnu stjórnar tímabilið 2021–2022. Líkt og áður var stefnan sett fram á þann hátt að litið var til eins árs, tveggja ára og fimm ára.

Niðurstöður þessarar vinnu voru eftirfarandi, en hér er stiklað á stóru er kemur að áætlun til næstu tveggja ára.

FRÆÐSLA

- Meira fræðsluefni á samfélagsmiðlum
 - Kynningarmál hafa verið tekin til endurskoðun á síðustu mánuðum og er von á enn meira fræðsluefni á Instagram og Facebook.
- Fræðsluefni þýtt á fleiri tungumál
 - Grunnupplýsingar hafa verið þýddar á frönsku og úkraínsku á síðustu misserum. Unnið er að uppfærslu á fræðsluvef Samtakanna '78, Hinsegin frá Ö til A, og er á áætlun að þýða þann vef á ensku.
- Aukin áhersla á kynheilbrigði
 - Meira samtal er á milli Samtakanna '78 og sóttvarnalæknis, sem og göngudeildar A3 á Landspítala og göngudeild húð- og kynsjúkdóma. Nánar má lesa um það samstarf undir „Lýðheilsumál“.
- Kortlagning á stöðu fræðsluefnis fyrir eldra fólk eða þau sem vinna með eldra fólk
 - Gerður var samningur við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið til að hefja markvissa vinnu við gerð fræðsluefnis fyrir þau sem vinna með eldra fólk. Sú vinna er þegar hafin.
- Fjármagn sett í endurmenntun starfsfólks
 - Í fjárhagsáætlun Samtakanna '78 var gert ráð fyrir auknu fjármagni í endurmenntun, t.d. að senda fleiri ráðgjafa á WPATH og EPATH, sem og fleiri ráðstefnur bæði innanlands og erlendis.

HAGSMUNABARÁTTA

- Ennþá auknari áhersla á málefni hinsegin flóttafólks og þeirra sem leita að alþjóðlegri vernd
 - Tveir ráðgjafar hafa sérhæft sig í því að vinna með einstaklingum sem leita að alþjóðlegri vernd. Ferlar hafa verið yfirfarnir og samskipti við talsmenn hafa verið bætt.
- Vitundarvakning um kynhlutlausu klefa
 - Samtökin '78 hvöttu einstaklinga til að skrifa undir opið bréf um kynhlutlausu klefa, og hafa beitt ákveðin sveitarfélög þrýstingi. Enn er unnið að reglugerðarbreytingu vegna þessa máls.
- Skerpa á hlutverki hagsmunaráðs og félagaráðs, og þeirra samvinnu við stjórn
 - Stjórn Samtakanna '78 hefur fundað með félagaráði og hagsmunaráði vegna þessarar vinnu. Áætlað er að halda þing hinsegin fólks til að koma þessum málum í ferli.
- Átaksverkefni um ofbeldi innan hinsegin samfélagsins
 - Þetta verkefni er á langtímaáætlun stjórnar, en sértækur viðburður var unninn um málið í kringum Hinsegin daga – Reykjavík Pride.

- Aðgerðaráætlun um málefni hinsegin fólks sem orðið hefur fyrir ríkisofbeldi
- Aftur er þetta atriði á langtímaáætlun en Samtökin '78 hafa verið í sambandi við þingmenn vegna málsins og hefur fyrirspurn um málið verið lögð fram á Alþingi.

RÁÐGJÖF

- Skýrari ráðgjafaskýrslur og virkara endurmat
- Með tilkomu stöðugildis teymisstýru ráðgjafa hafa skýrslur, endurmat, ferlar og fleira verið mun skilvirkari og einfaldari.
- Handleiðsla fyrir starfsfólk og stjórn
 - Ráðinn var handleiðari fyrir bæði stjórn og starfsfólk. Eins hefur teymisstýra ráðgjafa lagt áherslu á það að verktakar fái einnig virka handleiðslu og hefur hún sinnt henni síðustu mánuði.
- Fjölbreyttari stuðningshópar fyrir ólíka hópa innan samfélagsins
 - Nánar er fjallað um stuðningshópa og þann mikla vöxt sem orðið hefur á þeim undir „Ráðgjöf“.
- Stuðningshópar á fleiri tungumálum en íslensku
 - Nánar er fjallað um stuðningshópa og þann mikla vöxt sem orðið hefur á þeim undir „Ráðgjöf“.

FÉLAGSLÍF

- Bæta húsnæðismál til að viðhalda ört vaxandi eftirspurn
- Samtökin '78 tóku á haustmánuðum nýtt húsnæði á leigu sem gerir það að verkum að flest viðtöl vegna ráðgjafar fara fram í Suðurgötu 8, eins stuðningshópar. Samtökin '78 réðu innanhúshönnuð til að veita ráðgjöf við það hvernig húsnæðið gæti þjónað fleiri hópum á sama tíma.
- Fjárfesta í sögu Samtakanna '78
 - Á stjórnarfundum Samtakanna '78 í upphafi árs var samþykkt að ráða verktaka til að taka viðtöl við alla formenn Samtakanna '78 frá 1978–2010. Er þetta liður í heimildaöflun fyrir söguritun Samtakanna '78 sem stjórn áætlað að verði gefin út í tilefni 50 ára afmæli Samtakanna '78.
- Breyta opnum húsum
 - Opin hús hafa verið fastur liður í langan tíma en með aukinni fagvæðingu komu upp margir annmarkar á þeirri starfsemi. Er þessi liður enn í mótun.
- Markvissar tilraunir til að ná til þeirra sem eru eldri en fimmtíu ára
 - Fjárfest var í námskeiðum sem áttu að miða að því að ná til fullorðins fólks. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2023 er fjármagni áfram veitt til þessara námskeiða.

FÉLAGSFUNDIR

Samkvæmt lögum Samtakanna '78 er gert ráð fyrir tveimur lögbundnum félagsfundum á ári. Sá fyrri var haldinn að vori, nánar tiltekið þann 7. maí og sá síðari 29. október.

Á vorfundi voru rafrænar kosningar bornar undir félagsfund, þ.e. hvort að félagsfundur væri samþykktur því að unnið væri markvisst að því að allar kosningar fyrir aðalfund 2023 væru rafrænar, bæði á fundinum sjálfum sem og atkvæði sem greidd eru utan kjörfundar. Hugmyndir um framtíðarsýn í húsnæðismálum voru einnig ofarlega í huga félagsfólks, sem og væntanlegar sveitarstjórnarkosningar.

Eftir hefðbundin félagsfundarstörf var boðið upp á kynslóðaspjall trans karla, og um kvöldið var félagsfólki boðið í teiti á Loft Hostel.

Á haustfundi sem bar heitið „Við stöndum sterk“ var meginþemað styrkur hinsegin samfélagsins, en eftir tiltölulega erfitt haust með auknu hatri og hatursáróðri gagnvart hinsegin samfélaginu var tilvalið að ræða það sem sameinar okkur. Líkt og á vorfundinum þá samþykkti félagsfundur að kosið væri rafrænt á aðalfundi 2023 og líkt og lög segja til um kaus haustfundur sér kjörnefnd, en kjörnefnd skipa: Alexandra Briem, formaður, Hilmar Hildar-Magnússon og Derek T. Allen. Voru þau kjörin með öllum greiddum atkvæðum.

Eftir hefðbundin félagsfundarstörf kynnti starfsfólk stöðuna á þeim verkefnum sem eru unnin innan Samtakanna '78 á degi hverjum. Boðið var upp á pallborð með forystufólki Samtakanna '78, Trans Íslands og Hinsegin daga – Reykjavík Pride, Arna Magnea Danks hélt sterkt erindi og það gerði einnig Embla Guðrúnar Ágústsdóttir. Sveinn Sampsted, fræðari, fjallaði um íþróttافرæðslu Samtakanna '78. Að lokum skemmti félagsfólk sér saman í Tjarnarbíói.

STJÓRN

Stjórn Samtakanna '78 2022-2023 var skipuð eftirfarandi aðilum:

Álfur Birkir Bjarnason, *formaður*
 Bjarndís Helga Tómasdóttir, *varaformaður*
 Vera Illugadóttir, *ritari*
 Mars M. Proppé, *gjaldkeri*
 Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, *alþjóðafulltrúi*
 Agnes Jónasdóttir, *meðstjórnandi*
 Ólafur Alex Kúld, *meðstjórnandi*

Stjórn var kjörin á aðalfundi þann 6. mars 2022. Stjórn fundaði formlega sautján sinnum á starfsárinu og hélt einnig ýmsa óformlega vinnufundi. Allar fundargerðir stjórnar má finna á vef Samtakanna '78, samtokin78.is.

FÉLAGARÁÐ

Derek T. Allen, *varaformaður og starfandi formaður*
 Sigríður Ösp Elínborgardóttir Arnarsdóttir, *áheyrnarfulltrúi í stjórn*
 Hrefna Ósk Maríudóttir, *varaáheyrnarfulltrúi í stjórn*
 Jessica Leigh Andrésdóttir
 Ragnar Pálsson
 Tinna Haraldsdóttir

Félagaráð hélt aðeins einn fund í upphafi starfsárs þar sem þau skiptu með sér verkum. Stjórn boðaði félagaráð á tvo vinnufundi en mætti aðeins hluti félagaráðs á þá fundi. Þórhildur Sara sem upphaflega var kjörin formaður félagaráðs á aðalfundi 2022 sagði af sér embætti 23. nóvember sl.

Fundargerð þessa fyrsta fundar félagaráðs er vitaskuld aðgengileg á vef Samtakanna '78, samtokin78.is.

HAGSMUNARÁÐ

Hagsmunafélög Samtakanna '78 mega skipa allt að tvo fulltrúa hvert til að taka sæti í hagsmunaráði og hafa rétt til fundarsetu á öllum fundum félagaráðs.

Hagsmunafélög starfsárið 2022-2023 og fulltrúar þeirra voru:

Þorbjörg Bergmann, Ásar á Íslandi
Harald Schaller, Bangsafélagið
Sindri Freyr Bjarnason, BDSM á Íslandi
Jórunn Þórkötludóttir, FAS – félag aðstandenda og foreldra
Bríet Finnsdóttir, Intersex Ísland
Hermann Kristinn, HIN – Hinsegin norðurland
Natalía Ýr Jóhannsdóttir Wróblewska, Hinsegin Austurland
Gunnlaugur Bragi Björnsson, Hinsegin dagar
Atli Björn Helgason, Hinsegin kórinn
Vallý Hirst Baldurs, Q-félag hinsegin stúdenta
Ólöf Bjarki Antons, Trans Ísland
Birna Björg Guðmundsdóttir, Trans vinir

FÉLAGSLEGIR SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Á aðalfundi 2022 voru þau Rósanna Andrésdóttir og Vilhjálmur Vilhjálmsson kjörin félagslegir skoðunarmenn reikninga fyrir starfsárið 2022–2023. Rósanna tók við af Sigurjóni Guðmundssyni, en hann hafði verið félagslegur skoðunarmaður reikninga Samtakanna '78 á annan áratug. Er Sigurjóni þakkað innilega fyrir sín störf. Þau Rósanna og Villi hafa undirritað ársreikninga ársins 2022.

UNGmennARÁÐ

Á aðalfundi 2021 var samþykkt að stofna nýtt ungmennaráð. Tilgangur ungmennaráðs er að þau sem eru yngri en 18 ára geti tekið virkan þátt og haft áhrif í Samtökunum '78.

Í ungmennaráði sitja níu kjörnir fulltrúar. Ungmennaráðið er starfrækt hvert skólaár undir handleiðslu forstöðustýris og starfsfólks Hinsegin félagsmiðstöðvar fyrir 13–15 ára hjá Samtökunum '78 og Tjörninni. Fulltrúar eru kosnir á vettvangi félagsmiðstöðvarinnar í upphafi skólaárs. Ungmennaráð skipar áheyrnarfulltrúa í stjórn Samtakanna '78 og varafulltrúa. Nýtt ungmennaráð var fyrst fullskipað í byrjun árs 2022 og þau sem það skipa frá september 2022 eru:

Neo
Sigga
Refur
Max
Sólbjartur

Dagbjartur
Koda

STARFSHÓPAR OG NEFNDIR INNAN SAMTAKANNA '78

Á starfsárinu 2022–2023 voru hvorki nefndir né starfshópar, fyrir utan það sem hefur áður komið fram í skýrslu þessari, skipaðar eða starfandi á árinu. Stjórn starfsársins 2022–2023 hefur hafið vinnu við það að endurskipuleggja þessa hópa með það að markmiði að virkja einstaklinga innan hinsegin samfélagsins til að taka þátt og/eða skipa slíka hópa.

FAGRÁÐ SAMTAKANNA '78

Aðalfundur Samtakanna '78 sem haldinn var í mars 2018 samþykkti siðareglur samtakanna. Í siðareglunum er gert ráð fyrir því að fylgja aðgerðaráætlun gegn ofbeldi. Vinna við aðgerðaráætlunina hófst í nóvember 2018 en þá var óskað eftir fulltrúum til að skipa hóp um aðgerðaráætlun gegn ofbeldi (HAGO). Aðgerðaráætlunin var kynnt á félagsfundi 25. maí 2019 og kallað eftir athugasemdum. Hún var síðar samþykkt á félagsfundi 9. nóvember 2019.

Samkvæmt aðgerðaráætluninni ber Samtökunum að starfrækja fagrað, en stjórn skipaði í fagraðið stuttu eftir félagsfund og hafa þau unnið að verklagsreglum og ferlum.

Fagraðið skipa: Hafdís Inga Hinriksdóttir, Karitas Hrund Harðardóttir.

TRANS ÍSLAND

Trans Ísland eru hagsmuna- og baráttusamtök trans fólks á Íslandi. Félagið var stofnað árið 2007 og hefur frá stofnun beitt sér fyrir bættum réttindum trans fólks, ásamt því að standa vörð um málefni trans fólks í samfélaginu.

Félagið hefur átt þátt í að skapa ýmsar lagabreytingar í íslensku samfélagi, t.a.m. lög um kynrænt sjálfræði, breytingar á hegningarlögum og öðrum lögum er lúta að málefnum trans fólks. Félagið er virkt í lagalegri réttindabaráttu og skilar reglulega inn umsögnum við frumvörp og situr fundi með nefndum Alþingis.

Starfsár Trans Íslands hefur verið annasamt. Félagið hélt tvo árlega viðburði, minningardag trans fólks og grillveislu Trans Íslands. Einnig hélt félagið staka viðburði bæði eitt og sér og í samvinnu við önnur félög og voru þeir mjög vel sóttir. Félagið tók þátt í Gleðigöngunni eins og vanalega og var á annað hundrað þátttakenda í atriði félagsins, sem heppnaðist vel. Trans Ísland var í samstarfi við Q – félag hinsegin stúdenta ásamt fleiri einstaklingum við að halda utan um íþróttatíma fyrir trans og kynsegin fólk sem fóru fram í íþróttahúsi Háskóla Íslands.

Trans Ísland lagði á starfsárinu mikla áherslu á að tekið yrði á biðlistum vegna hormónameðferðar og skurðaðgerða innan Landspítalans og leitaði eftir úrlausnum á því vandaamáli í samstarfi við Samtökin '78 og ýmsar stofnanir innan heilbrigðiskerfisins. Félagið þurfti jafnframt oft að bregðast við transfóbískri samfélagslegri umræðu þetta árið, þá sérstaklega í tengslum við trans íþróttafólk.

BANGSAFÉLAGIÐ

Bangafélagið er hægt og rólega að komast undan felldi eftir erfiða fæðingu rétt fyrir COVID-faraldurinn.

Félagið var stofnað síðla árs 2019 til að vera félagslegur vettvangur bangsa, vina og aðdáenda þeirra. Staður þar sem hinsegin menn og kynsegin fólk getur komið saman og notið sín án líkamsfordóma og smánunar. Hittingar hafa verið af skörnum skammti sökum faraldursins en á síðasta ári hafðist það loks að halda okkar stærstu hátíð án takmarkana.

Reykjavík Bear er alþjóðleg hátíð sem er þungamiðja starfsemi félagsins. Fyrstu helgi september ár hvert bjóðum við fjölda bangsa og aðdáendum þeirra að koma til Íslands og njóta náttúrunnar með okkur og skemmta sér. Við höldum þrjú partý á skemmtistöðum bæjarins og förum með þá í ferð um gullna hringinn og í Bláa lónið og ljúkum svo helginni með bröns og í ár bætum við við valkvæðri ferð í Sky Lagoon í lokin. Íslenskum böngsum, vinum og aðdáendum er að sjálfsögðu velkomið að taka þátt og það er engin skylda að upplifa sig sem bangsa til að vera velkominn. Það eina sem við krefjumst er að fólk skilji líkamsskömm eftir fyrir utan.

Árið 2022 mættu 57 erlendir gestir auk fjölda Íslendinga sem tóku þátt, bæði sem sjálfboðaliðar og sem gestir. Í ár hefur miðasala farið mjög vel af stað og því sjáum við fram á enn meiri fjölda í ár.

Auk Reykjavík Bear stóð félagið fyrir minni skemmtunum eins og partýjum og jólakökuskiptakvöldi þar sem félagar bökuðu uppáhalds smákökur sínar og deildu með hver öðrum. Bangsafélagið tók formlega þátt í Hinsegin dögum í fyrsta sinn. Það var fenginn traktor til að draga vagn okkar sem skreyttur var merkjum okkar og slagorðum. Í kjölfar göngunnar var boðið í bangsapartý þar sem matur og drykkur var í boði og heppnaðist hátíðin einstaklega vel í alla staði.

Ný stjórn tók við störfum á aðalfundi félagsins, sem haldinn var í félagsheimili Samtakanna '78 í október og hana skipa:

Sigurður Júlíus Guðmundsson, *formaður*
Höskuldur Sylvain Dutilh, *gjaldkeri*
Adam Zimmer, *ritari*

Bangsafélagið þakkar kærlega fráfarandi stjórnarliðum fyrir vel unnin störf.

Frá aðalfundi hefur félagið haldið nokkra opna stjórnarfundum þar sem félögum er boðið að koma og taka virkan þátt í skipulagningu og starfsemi félagsins og er það von okkar að með aukinni þátttöku aukist félagsauðurinn enn meira og að fleiri bangsar og aðdáendur þeirra sláist í hópinn með okkur.

HINSEGIN VESTURLAND

Árið 2022 var viðburðaríkt hjá Hinsegin Vesturlandi. Fyrri hluta árs kynntum við úrslit hönnunarsamkeppninnar um lógó fyrir félagið okkar. Það endaði með tveimur ólíkum lógóum eftir sama höfund, Sævar Stein Guðmundsson. Við afhentum í byrjun árs leikskólum á Vesturlandi bækur um hinsegin fjölskyldur og ákváðum að endurtaka leikinn í lok árs með því að gefa bókasöfnum allra grunnskóla á Vesturlandi bókina *Fávitar og fjölbreytileikinn*.

Félagið er orðið þekkt fyrir Hinseginhátíð Vesturlands og var hún haldin hátíðleg í

Ólafsvík í júlí. Hún gekk glimrandi vel og komu um 1000 manns á hátíðina. Eins var tilkynnt að næsta hátíð mun fara fram á Akranesi í júlí 2023.

Síðasta haust fórum við á trúnað með félagsmiðstöðinni Óðal í Borgarnesi þar sem unglingar sendu inn nafnlausar spurningar um hinseginleikann og allt milli himins og jarðar og við sátum fyrir svörum. Það þótti bæði okkur og unglingunum skemmtilegt og ætlum við að endurtaka það á fleiri stöðum í komandi framtíð ásamt fullt af öðrum spennandi verkefnum.

HINSEGIN AUSTURLAND

Hinsegin Austurland er sjálfstætt starfandi félag sem var stofnað árið 2019. Tilgangur félagsins er að vera stuðnings- og fræðslusamtök fyrir hinsegin fólk á austurlandi, auk aðstandenda þeirra og velunnara. Við viljum geta boðið upp á fræðslu, ráðgjöf og haldið viðburði sem lúta hinsegin málefnum og styðja við menningu hinsegin fólks á Austurlandi.

Árið 2022 höldum við í fyrsta skipti Regnboga Hátíð Austurlands til að fagna fjölbreytileika og fræðslur til að opna hug fólks og kveikja samræður og auka sýnileika.

Við gengum fyrstu gleðigöngu Egilsstaða ásamt því að hafa hátíðardagskrá og vorum einnig hluti af fleiri hátíðum á fleiri stöðum á Austurlandi. Einnig tókum við þátt í fræðslustarfi og vorum hluti að stofnun Hinsegin klúbbs í félagsmiðstöð Grunnskólans á Egilsstöðum. Það má segja að árið 2022 hafi verið það litríkasta á Austurlandi hingað til og stefnum á enn meiri sýnileika 2023.

HINSEGIN NORÐURLAND

HIN – Hinsegin Norðurland eru sjálfstætt starfandi samtök hinsegin fólks á Norðurlandi. Samtökin hafa verið starfandi síðan vorið 2011 og eru því tiltölulega ný en fara ört stækkandi. HIN tóku þátt í gleðigöngu Hinsegin daga 2011 og hlutu verðskulduð hvatningarverðlaun fyrir atriði sitt í göngunni. HIN standa einnig fyrir jafningjafræðslu í grunn- og framhaldsskólum á Norðurlandi, starfrækja einstaka hópa og hafa það markmið að færa út kvíarnar og fara með jafningjafræðslu í minni skóla víðar um land.

Almennir fundir fara fram í Húsinu í Rósenborg á Akureyri á fimmtudögum kl. 19:30 og eru öll velkomin í fordómalaust umhverfi. HIN er búið að vera í nánú samstarfi við framhaldsskólafélagið Heimdall. Félagið er einnig með Facebook-síðu undir nafninu HIN – Hinsegin Norðurland þar sem fundir og aðrir viðburðir eru auglýstir og fólki um allt land gefst tækifæri á að spjalla saman.

Nánar á: facebook.com/hinsegin eða í netfanginu hinsegin@hinsegin.net.

HINSEGIN DAGAR – REYKJAVÍK PRIDE

Hinsegin dagar halda árlega hinsegin hátíð í Reykjavík og stuðla með starfsemi sinni að vexti hinsegin menningar og félagslífs í íslensku samfélagi. Þá eru Hinsegin dagar í tengslum við erlendar hreyfingar hinsegin hátíða og eiga í samstarfi við þær. Hinsegin dagar hafa verið ein af borgarhátíðum Reykjavíkur frá árinu 2017 og gildir núverandi útnefning þess efnis til ársloka 2025.

Hinsegin dagar 2022 fóru fram í Reykjavík 2.–7. ágúst. Hátíðin var með sérlega glæsilegu sniði þetta árið, enda langt síðan hátíðin fór fram með hefðbundnu sniði,

sökum heimsfaraldursins. Yfirskrift hátíðarinnar í ár var *Fegurð í frelsi*, sem vísar bæði til þeirrar fegurðar sem felst í því frelsi að mega koma aftur saman eftir áralangar samkomutakmarkanir og jafnframt til þess frelsis sem við öll þráum til að fá að vera við sjálf. Helsta nýlunda ársins voru regnbogaráðstefna, heildstæð ungmennadagskrá og starfsemi Pride Center á Geirsgötu 9. Þá var verkefnastýri ráðið í fast starf frá og með aprílmánuði.

ÖRUGG HÖFN FYRIR HINSEGIN FÓLK

Hinsegin dögum áskotnaðist húsnæði á jarðhæð Geirsgötu 9, þar sem starfræktar voru höfuðstöðvar Hinsegin daga yfir Verslunarmannahelgi og Hinsegin daga. Í Pride Center gat hinsegin fólk og stuðningsfólk þess sest niður, fengið sér að borða og spjallað saman. Þá var Hinsegin kaupfélagið starfrækt í sama húsnæði og jafnframt boðið upp á fjölbreytta menningartengda viðburði, svo sem fræðsluviðburði, listamarkað, Hýra húslestra, spilakvöld og fleira. Það er ljóst að þetta mæltist vel fyrir og munu Hinsegin dagar leita allra leiða til að halda svipuðu fyrirkomulagi áfram.

EIGNARHALD UNGA FÓLKSINS

Það var skipuleggjendum Hinsegin daga keppikefli að valdefla unga fólkið sem jafnvel hefur ekki haft kost á því að taka þátt áður, sökum heimsfaraldursins. Til að ná því markmiði var ungmennaráð Hinsegin daga sett á laggirnar og þar gafst ungum sjálfböðaliðum færi á að skipuleggja sérstaka ungmennadagskrá, sem gafst mjög vel fyrir. Þá réði hátíðin hóp ungra listakvára í sumarstarf.

UPPBÝGGING INNRA STARFS

Þó að hátíðinni hafi starfað starfsfólk í tímabundnum verkefnum og verktakavinnu, hefur hátíðin ekki ráðið starfsfólk í fast starf fyrr en á vordögum árið 2022. Markmiðið með ráðningunni er að auka fagleika í starfsemi og létta á herðum sjálfböðaliða, en hátíðin er eftir sem áður nánast eingöngu rekin á óeigingjörnu starfi sjálfböðaliða. Með slíkri ráðningu skapast einnig meiri samfella á milli ára.

FJÖLBREYTT HÁTÍÐ

Hátíð ársins var víðfeðm og fjölbreytt og ómögulegt að telja upp alla viðburði og verkefni, auk þeirra sem hér er getið að ofan. Almenn tókust hátíðarhöld vel; Hið árlega tímarit var stærra en nokkru sinni fyrr, Gleðigangan var fjölmenn og fjölbreytt, Opnunarhátíðin í Gamla bíói vel sótt, RÚV bauð upp á hátíðardagskrá á laugardagskvöldinu í samstarfi við Hinsegin daga og ofurstjarnan Trinity the Tuck heillaði gesti á Drag Djók, auk þess að koma fram á stóra sviðinu í Hljómskálagarðinum. Stjórn Hinsegin daga þakkar öllum þeim frábæru sjálfböðaliðum sem lögðu hönd á plóg til að gera hátíðina jafn fjölbreytta og raun ber vitni. Það er ómetanlegt.

Hinsegin dagar verða næst haldnir í Reykjavík dagana 8–13. ágúst 2023 en nánar má lesa um hátíðina á hinsegindagar.is og facebook.com/reykjavikpride.

ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ STYRMIR

Markmið Styrmis frá stofnun félagsins árið 2006 hefur verið að bjóða upp á íþróttaiðkun þar sem þátttaka er sett ofar sigri og engum er meinaður aðgangur. Þá vilja félagar vera fyrirmyndir fremur en staðalímyndir og telja að sýnileikinn þjóni mikilvægu forvarnarstarfi. Styrmir hefur náð góðum árangri á ýmsum hinsegin íþróttamótum, m.a. á

Outgames 2009 í Kaupmannahöfn, Gay Games 2010 í Köln og IGLA sundmótinu 2012 í Reykjavík, en félagið sá um skipulag þess og framkvæmd. Styrmir hefur einnig haldið æfingabúðir og mót fyrir erlend lið við góðan orðstír.

Nokkrir einstaklingar hafa haldið starfinu uppi og blásið til reglulegra sundæfinga. Hittist hópurinn að jafnaði vikulega. Styrmir er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og þar með að ÍSí og hefur átt gott samstarf við þau félög í gegnum tíðina. Nánar á: facebook.com/styrmir.sport

HINSEGIN KÓRINN

Hinsegin kórinn var stofnaður 2011 og hefur síðan vaxið og dafnað. Markmið kórsins er að vera fordómalaus vettvangur fólks til að hittast og njóta söngs saman; vinna að þátttöku hinsegin fólks í menningarlífinu; vera jákvæð fyrirmynd og stuðla að sýnileika hinsegin fólks. Hinsegin kórinn mismunar hvorki á grundvelli kynhneigðar né kynvitundar og er öllum opin að undangengnum raddprufum sem að jafnaði eru haldin við upphaf haust- og vorannar. Kórinn hefur ekki setið auðum höndum síðastliðið ár, en hefðbundnir vor- og jólatónleikar voru haldnir ásamt framkomu á ýmsum giggum: Gigg á Hinsegin dögum, Hinsegin messa og söngur með Vök í Gísla Marteini og á útgáfutónleikum þeirra.

Það sem er framundan þetta árið eru tónleikar og ferðalag á Various Voices, stærsta hinsegin kóramót Evrópu, á Bologna, Ítalíu.

Kórinn er blandaður kór sem leggur ríka áherslu á fjölbreytt lagaval, allt frá íslenskum þjóðlögum til erlendra popplaga. Virkir meðlimir kórsins eru um 68 talsins, ólíkir einstaklingar á ýmsum aldri sem eiga það sameiginlegt að elska að syngja og skemmta sér saman. Kórstjóri er Helga Margrét Marzellíusardóttir og formaður er Sigrún Baldursdóttir. Nánar á: hinseginkorinn.is og facebook.com/hinseginkorinn

Q – FÉLAG HINSEGIN STÚDENTA

Q - félag hinsegin stúdenta er hagsmunafélag fyrir hinsegin stúdenta og ungt hinsegin fólk á Íslandi. Q-félagið tekur virkan þátt í umræðu um hinsegin málefni og beitir sér fyrir bættri stöðu hinsegin fólks á Íslandi, innan og utan háskólasamfélagsins. Markmið félagsins eru fjölbreytt, en þau má lista sem eftirfarandi: að gefa hinsegin stúdentum og ungmennum tækifæri til að hittast í öruggara rými; vera sýnilegt þrústiafl innan háskólasamfélagsins og stuðla að auknum sýnileika hinsegin hópa í kennsluefni, með því að auka fræðslu, kennslu, umræðu og rannsóknir um hinsegin málefni innan deilda allra háskóla, bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Auk þess leggur Q-félagið áherslu á að styðja við baráttu annarra jaðarsettra hópa með því að mæta á mótmæli og nota þann vettvang sem félagið hefur til þess að hefja upp raddir annarra hópa.

Á starfsárinu hélt Q-félagið meðal annars árlegan hinsegin listamarkað í annað skiptið, fjáröflunarbíngó og fyrstu Útilegu félagsins. Q-félagið var í samstarfi við *Studentablaðið* við útgáfu fyrsta hinsegin tölublaðs *Studentablaðsins* sem greinarhöfundar og yfirlesarar. Q-félagið tók þátt í Jafnréttisdögum háskólanna þar sem haldinn var gjörningur til að vekja athygli á óþarfa kynjun salerna í Háskóla Íslands. Í samstarfi við Trans Ísland og frábæra hinsegin þjálfara hafa verið haldnir opnir líkamsræktartímar fyrir trans fólk, kynsegin fólk og gender questioning fólk í vetur í Íþróttahúsi Háskóla Íslands. Auk þess var haldinn fjöldi Q-kvölda og fjölmargar vísindaferðir fyrir háskólanema úr ólíkum háskólum, sem haldnar eru í samstarfi við Samtökin '78.

Öll eru velkomin á viðburði Q-félagsins. Félagið er ætlað háskólanemum og ungu fólk

á aldrinum 18–30 ára og er ekki skylda að vera í háskólanámi til að taka þátt í starfi félagsins. Allar upplýsingar má finna á Facebook-síðu félagsins, facebook.com/Qfelag, inni á Instagram reikningnum @qfelag eða inná Twitter reikningnum @Qfelag. Félagið heldur einnig úti heimasíðunni queer.is.

TRANS VINIR

Stjórnin hefur ekki náð að halda neina hittinga, ekki vegna heimsfaraldurs heldur vegna annarra anna og veðurs. En við erum að óska eftir nýju fólki í stjórn og vonum við að þau komi með eldmóðinn og að við setjum upp viðburðanefnd innan okkar raða. Erum líka að skoða að bjóða fólki meira að taka þátt með því að vera með nokkrar nefndir um hin ýmsu málefni þar sem gott væri að fá fleiri að borðinu.

Við náðum ekki að taka þátt í Reykjavíkumaraþoninu eins og stóð til en í ár ætlum við að vera tímanlega að safna í hóp og hlaupa saman undir okkar merki. Viðburðanefndin myndi þá sá um þá undirbúningsvinnu.

Við höfum náð að vinna að nokkrum stórum sem smáum verkefnum árinu. Hluti stjórnar fór á fund Landlæknis, við tókum þátt í ráðstefnu erlendis, vorum hluti af pallborðs-umræðu á haustfundi Sálfræðingafélags Íslands og fleira til. Það sem er á döfinni er að við erum enn að sækja um styrki og þýða og gefa út bækur. Ætlum í fjölskyldu og vina-herferð í trans málum. Okkur líst ekki á stöðuna í dag í samfélaginu og viljum vekja athygli á því að trans börn og ungmenni standa ekki ein í þessari baráttu.

Bókastyrkir: Ragnhildur Guðmundsdóttir er hefur sent út styrkbeiðni til að þýða og gefa út bækur. Fyrsta bókin (*Ég er Jazz*), sem Birna Björg formaður Trans Vina þýddi er komin út í samstarfi við Bókabeituna. Síðan er bók númer tvö komin út og sú þriðja á lokastigi. Þær koma út í samstarfi við Bókaútgáfuna Angústúru. Það er bókin *Júlían er hafmeyja* sem kom út síðasta sumar og *Júlían í brúðkaupinu* sem von er á í sumar.

Styrkirnir sem komu frá Reykjavíkurborg fara í bók sem heitir *You Know, Sex: Bodies, Gender, Puberty, and Other Things*. Síðan vinnum við í að uppfæra listann hjá okkur um hvaða bækur verða næst þýddar.

Styrkir sem við fengum á árinu 2022:

700.000 kr.	frá Reykjavíkurborg 4. janúar 2022
500.000 kr.	frá Reykjavíkurborg 28. janúar 2022
1.000.000 kr.	frá félags- og vinnumarkaðsráðherra
158.049 kr.	frá fólki sem hljóp fyrir okkar hönd í Reykjavíkumaraþoninu

Ársskýrslu Trans vina má nálgast í heild sinni á vef félagsins: transvinir.is

BDSM Á ÍSLANDI

Félagið BDSM á Íslandi er stuðnings- og hagsmunafélag BDSM-fólks. Starf félagsins er fjölpætt, t.d. að auka sýnileika og berjast gegn fordómum í samfélaginu, sinna fræðslu, vera opinber málsvári BDSM- og blætishneigðra og sinna réttindabaráttu. Félagið var stofnað 1998 og verður því 25 ára á árinu.

Eftir því sem umræðan opnast og verður jákvæðari eru alltaf fleiri og fleiri sem þora að taka skrefið og hætta að fela þennan hluta af sér. Það skilar sér í öflugra starfi og meiri þátttöku í viðburðum. BDSM-fólk finnur einnig sífellt meiri hlýhug innan hinsegin

samfélagsins og upplifir almennt ekki lengur ótta við að afhjúpa þessa hlið hinseginleika síns innan þess, líkt og lengi var raunin. Þessi samstaða annars hinsegin fólks er ómetanleg og það er von félagsins að hún muni enn eflast og dafna.

Félagið stóð fyrir fjölda fræðsluviðburða á árinu, t.d. öryggisnámskeiði, ókeypis sjálfsvarnarnámskeiði og nokkrum fræðslufyrirlesturum um ýmsar hliðar BDSM. Hinsegin dagar buðu félaginu að vera með viðburð í tengslum við Reykjavík Pride og úr varð að formán þess flutti fyrirlestur um hvernig BDSM getur verið leið fólks til nándar. Að venju var félagið með atriði í Gleðigöngunni. Í ár snerist það um hina íþyngjandi „grímuskyldu“ BDSM-fólks, skömmina og ótta við útskúfun sem því miður er enn til staðar. Ímynd BDSM, sérstaklega út á við en að einhverju leyti innan BDSM-samfélagsins sjálfs, hefur alltaf litast ótæpilega af staðalmyndum sem sniðganga algjörlega að kjarni BDSM snúst um innileika, nánd og tilfinningalega berskjöldun. Stóra verkefnið núna er að BDSM-fólk öðlist kjark til að stjórna umræðunni svo þessari skökku ímynd verði loks kollvarpað.

INTERSEX ÍSLAND

Intersex Ísland var stofnað árið 2014 með því markmiði að auka meðvitund um málefni fólks sem fæðist með ódæmigerð kyneinkenni og stuðla að því að fræðsla um málefni intersex fólks aukist á Íslandi. Félagið hefur unnið að lagabreytingum sem tryggja intersex fólki, og þá sérstaklega intersex börnum, vernd fyrir óafturkræfum innngripum inn í líkama þeirra sem byggjast á félagslegum, sálfélagslegum eða útlitslegum gildum og þjóna ekki brýnum heilsufarslegum tilgangi.

Árið 2020 voru samþykkt lög á Alþingi sem veita hluta barna með ódæmigerð kyn-einkenni vernd fyrir innngripum sem þjóna ekki heilsu barnsins en hluta barna með ódæmigerð kyneinkenni er ekki tryggð sú sama vernd. Á næstu árum er því mikil vinna fyrir höndum til þess að tryggja öllum börnum sömu vernd ásamt því að tryggja rétt intersex barna og foreldra þeirra á aðgengi að sálfélagslegum stuðningi sem byggir á mannréttindasjónarmiðum. Endurskoðunarákvæði laganna kallar á að nefnd sem á að endurskoða þau skili af sér fyrir lok desember 2023.

ÁSAR Á ÍSLANDI

Ásar á Íslandi er félag eikynhneigðra og eirómantískra (e. asexual and aromantic) og var stofnað árið 2018. Tilgangur félagsins er að þau sem finna lítið eða ekkert fyrir kynferðislegri og/eða rómantískri aðlöðun viti að þau eru ekki ein, að þau séu viðurkennd og þau njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi. Félagið hefur tekið þátt í Gleðigöngunni og heldur reglulega ásakvöld í húsnæði Samtakanna '78 þar sem öll þau sem láta sig málefnið varða eru velkomin.

ÞJÓNUSTU- OG STYRKTARSAMNINGAR VIÐ RÍKIÐ

Samtökin '78 og forsætisráðuneytið undirrituðu þjónustusamning árið 2021 um að samtökin sinni sértækri fræðslu, þjónustu og ráðgjöf er varða málefni hinsegin fólks. Sá samningur er enn í gildi og er árið 2023 lokaár þessa þriggja ára þjónustusamnings við ríkið. Samningurinn hljóðar upp á 15 milljónir á ári. Samtökin '78 skila forsætisráðuneytinu eftirtöldu vinnuframlagi og verkefnum:

- Að standa fyrir fræðslu um málefni hinsegin fólks sem beinist sérstaklega að fagaðilum sem sinna þjónustu við almenning, s.s. starfsfólk opinberrar stjórnslu og skóla. Skal fræðslan veitt án endurgjalds.

- Að standa fyrir árlegum samráðsfundum með kennurum sem kenna kynja-, jafnréttis-, og hinseginfræði á öllum skólastigum í því augnamiði að auka þekkingu og færni kennara á jafnréttismálum og málefnum hinsegin fólks.
- Að eiga árlega samráðsfund með kjörnum fulltrúum og sérfræðingum sem vinna að opinberri stefnumótun á sviði jafnréttismála um málefni hinsegin fólks.
- Að sinna ráðgjöf og hafa umsjón með stuðningshópum sem ætlað er að tryggja að hinsegin fólki og aðstandendum þess standi til boða, því að kostnaðarlausu, ráðgjöf vegna persónulegra mála sem og félags-, sálfræði- og lögfræðiráðgjöf. Þjónustan skal veitt á landsvísu eftir því sem við verður komið með samskiptum í gegnum tölvupóst, síma eða á vefnum. Ef einstaklingar sem hafa þörf fyrir túlkþjónustu leita til verksala skal hann annast kaup á þeirri þjónustu með tilliti til samnings þessa.
- Að sinna alþjóðasamstarfi sem hafi að markmiði að byggja upp tengsl við systursamtök á hinum Norðurlöndunum og á alþjóðavettvangi og miðla af reynslu annarra hér á landi.
- Að taka virkan þátt í árlegu kynjaþingi frjálsra félagasamtaka á sviði jafnréttismála og tryggja að raddir hinsegin fólks heyrist á þinginu.

Samtökin '78 þakka forsætisráðuneytinu fyrir gott samstarf á starfsárinu og vilja sérstaklega þakka Steinunni Valdísi Óskarsdóttur og Kristínu Þóru Harðardóttur fyrir vandaða og góða vinnu.

Samtökin '78, forsætisráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið skrifuðu undir þjónustusamning 23. nóvember 2022. Markmið samninganna sem eru samtals að fjárhæð níu milljónir króna er að veita fræðslu og stuðning til hinsegin barna og ungmenna og vinna gegn fordómum og haturstjáningu.

Samstarfið nær til:

- Starfa hinsegin félagsmiðstöðvar Samtakanna '78 og Tjarnarinnar
- Fræðslu og þróunarstarfs í grunn- og framhaldsskólum á landsbyggðinni
- Útgáfu fræðsluefnis um stöðu hinsegin barna og ungmenna í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi og leiðbeiningar til þeirra sem bera ábyrgð á slíku starfi

Heildarstuðningur stjórnvalda við Samtökin '78 hefur sjöfaldast frá árinu 2017 og nemur á yfirstandandi ári tæpum 50 milljónum króna.

Samtökin '78 og félags- og vinnumarkaðsráðuneytið skrifuðu undir samstarfs- og þjónustusamning þann 19. janúar 2023. Samtökin '78 hafa á undanförunum árum unnið mikið með hinsegin flóttafólki, bæði hvað varðar ráðgjöf og félagsstarf, auk þess að standa fyrir margvíslegri fræðslu um sérstöðu hinsegin flóttafólks. Samkvæmt samningi sem hefur verið undirritaður munu samtökin sinna fræðslu fyrir hinsegin flóttafólk um réttindi þess hér á landi og þann stuðning sem því stendur til boða.

Samtökin taka jafnframt að sér að sjá um fræðslu til þeirra aðila sem veita hinsegin flóttafólki þjónustu. Áhersla verður lögð á sérstöðu hinsegin flóttafólks og þann sértæka stuðning sem því er nauðsynlegur. Upphæð samningsins er 1,5 milljónir króna.

Samtökin '78 of forsætisráðuneytið skrifuðu svo að lokum undir styrktarsamning

og tímabundinn styrktarsamning 16. febrúar 2023. 25 milljóna styrkur sem Alþingi samþykkti fór í gegnum forsætisráðuneytið sem og 15 milljóna króna aukastyrkur til að bregðast við bakslagi í réttindabaráttu hinsegin fólks. Álfur Birkir Bjarnason, formaður Samtakanna '78 og Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, skrifuðu undir samninginn við gleðilega athöfn. Eru þá framlög ríkisins, án sértækra viðbótasamninga, 55 milljónir á árinu 2023 og hafa aldrei verið hærri, og geta nú í fyrsta skipti talist samanburðarhæf við norræn systursamtök. Þess má geta að árið 2017 voru framlög ríkisins 12 milljónir króna og hefur ríkið því hækkað sín framlög duglega til Samtakanna '78 enda hafa samtökin vaxið einna hraðast af félagasamtökum á Íslandi síðastliðin fimm ár.

ÞJÓNUSTUSAMNINGAR VIÐ SVEITARFÉLÖG

Það má með sanni segja að sveitarfélög landsins hafa tekið vel við sér á síðasta starfsári og ber nú svo undir að Samtökin '78 hafa gert fjóra nýja þjónustusamninga við jafnmörg sveitarfélög. Þetta eru Garðabær, Fjarðabyggð, Húnaþing vestra og Reykjanesbær.

Á síðasta misseri hafa Samtökin '78 verið í virku samningsferli við tólf sveitarfélög, en þau sveitarfélög eru: Akureyrarbær, Múlaþing, Vesturbyggð, Grundarfjörður, Kópavogur, Sveitarfélagið Árborg, Mosfellsbær, Sveitarfélagið Skagafjörður, Rangárþing ytra, Akraneskaupstaður, Dalabyggð og Sveitarfélagið Ölfus. Eru samningaviðræður þó mislangt komnar en gert er ráð fyrir að skrifa undir nýja þjónustusamninga við að minnsta kosti fjögur af þessum sveitarfélögum fyrir sumarmánuði 2023.

Allir þjónustusamningar eru byggðir upp á svipaðan máta, en þó skera Reykjavík og Hafnarfjörður sig úr.

Í samningi við Reykjavíkurborg (samningsaðili síðan 2006) segir:

- Hlutverk þjónustusala er að skipuleggja og framkvæma fræðslufundi um hinsegin fólk og hinseginmálefni. Þjónustusali skal útbúa fræðslurnar með þeim hætti að þær þjóni starfsemi og þörfum þess sem hlýtur fræðsluna hverju sinni. Þjónustusali skal eiga frumkvæði að því að koma á og skipuleggja fræðslur.
- Þjónustusali skuldbindur sig til að bjóða fram og veita fræðslufundi fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða hverfisfélaga innan Íþróttabandalags Reykjavíkur. Þjónustusali skilgreinir þarfir og markmið fræðslustarfs í samvinnu við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Hvert hverfisfélag innan ÍBR skal fá hinseginfræðslu einu sinni á ári á samningstímanum.
- Þjónustusali skal tryggja að háskólamenntaðir ráðgjafar séu starfandi fyrir þjónustusala sem sinna stuðningsviðtölum við hinsegin fólk á öllum aldri og aðstandendum þess. Þjónustan skal taka m.a. mið af sérstöðu hinsegin fólks. Viðtölin fara fram í húsnæði þjónustusala. Með samningi þessum skuldbindur þjónustusali sig til að veita þjónustuna endurgjaldslaust.
- Hjá þjónustusala skal starfa starfsfólk sem annast hagsmunagæslu, sjái um daglegan rekstur skrifstofu og hafi yfirumsjón með fræðslu- og ráðgjafastarfi og stuðningshópum. Þjónustusali veitir einnig álit og tekur þátt í samráði varðandi þætti er snerta hinsegin fólk og hinsegin málefni hjá þjónustukaupa

Í samningi við Hafnarfjarðarbæ (samningsaðili síðan 2015) segir:

- Samtökin '78 veiti nýju starfsfólki grunnskólanna fræðslu um (1) kynhneigð,

(2) kynvitund og (3) kyneinkenni fólks. Markmið fræðslunnar er að starfsfólk skóla hafi þekkingu á hinsegin málefnum og geti verið virkir fræðarar á umræddum sviðum á vettvangi jafnréttis og mannréttinda í skólastarfi grunnskólanna.

- Hafnfirsk ungmenni fá aðgang að ráðgjöf Samtakanna '78 án endurgjalds.
- Samtökin '78 annist fræðslu (80 mín. á bekk/hóp) fyrir alla nemendur í 8. árgangi grunnskóla Hafnarfjarðar skólaárið 2022–2023.
- Samtökin '78 verði með einn tveggja klst. fræðslufund fyrir starfsfólk leikskóla (50–100 manns) á skólaárinu um hinsegin málefni tengd börnum á leikskólaaldri.
- Að Samtökin '78 veiti starfsmönnum hinsegin hittingum/félagsmiðstöð í Hafnarfirði ráðgjöf vegna starfsemi fyrir hinsegin ungmenni. Um er að ræða tvo stuðningsfundi á önn í klukkustund í senn með ráðgjafa frá samtökunum.
- Sérstök fræðsla fyrir starfsfólk félagsmiðstöðvanna í Hafnarfirði, einu sinni á skólaári. Tveir tímar.
- Fræðsla og kynning á Samtökunum '78 fyrir hinsegin ungmenni sem sækja hinsegin félagsmiðstöðina í Hafnarfirði 2× á ári, einu sinni á vorönn og aftur á haustönn.

Frá 2019 hafa Samtökin '78 samræmt alla nýja samninga við sveitarfélög og fylgja því samningar við Grindavík (síðan 2021), Snæfellsbæ (síðan 2021), Garðabæ (síðan 2022), Fjarðabyggð (síðan 2022), Húnaþingi vestra (síðan 2023) og Reykjanesbæ (síðan 2023) sama samningsformi. Við þessi sveitarfélög er gert ráð fyrir umtalsvert meira af fræðsluerindum og aukinni þjónustu. Samkvæmt þessu samningsformi er gert ráð fyrir:

- Fræðslu til starfsfólks grunnskóla
- Fræðslu til nemenda grunnskóla
- Fræðslu til stjórnenda
- Ráðgjöf Samtakanna '78
- Fræðslu til starfsfólks leikskóla
- Fræðslu til félags- og frístundamiðstöðva
- Fræðslu til þjálfara íþróttafélaga

Unnið verður frekar að því að kynna starfsemi Samtakanna '78 fleiri sveitarfélögum, og það er von samtakanna að sem flest sveitarfélög geri fræðslusamninga við vandaða einstaklinga eða félagasamtök til að fylgja aðalnámskrá sem kveður á um að allir nemendur í grunnskólum skuli fá hinsegin fræðslu.

REGNBOGAVINIR SAMTAKANNA '78

Á árinu 2020 var lögð rík áhersla á söfnun einstakra styrkja frá einstaklingum. Gerður var samningur við fyrirtækið Takk-Miðlun sem nú sjá um einstaka styrki til Samtakanna '78. Öll geta gerst Regnbogavinir og hefur það aldrei verið jafn einfalt. Takk-Miðlun hefur séð um söfnun Regnbogavina fyrir Samtökin '78, meðal annars með símtölum til almennings, götukynningum og á samfélagsmiðlum.

Árið 2020	skiluðu Regnbogavinir inn um 370.000 krónum á mánuði
Árið 2021	skiluðu Regnbogavinir inn um 680.000 krónum á mánuði
Árið 2022	skiluðu Regnbogavinir inn um 1.200.000 krónum á mánuði
Árið 2023	skila Regnbogavinir inn um 3.200.000 krónum á mánuði

Í dag eru 1.826 Regnbogavinir og er lagt upp með að sú tala nái 2.500 Regnbogavinum á árinu 2023.

Samtökin '78 vilja þakka Kristjönu Júlíu Þorsteinsdóttur hjá Takk sérstaklega fyrir afar metnaðarfullt og gæfuríkt samstarf.

SAMNINGAR VIÐ STOFNANIR

Samningur við Menntavísindasvið Háskóla Íslands er enn í gildi, en samningurinn mun efla fræðslu og ráðgjöf á sviðinu tengt kynja-, jafnréttis- og hinseginfræðum. Samningurinn kveður á um tveggja klst. árlegan samráðsfund með með kennurum fagstétta og fræðslu inn í sérstök námskeið eftir því sem við á. Þá munu allir grunnnemar Menntavísindasviðs sitja tveggja kennslustunda fræðslu frá Samtökunum '78 um kyntjáningu, kynhneigð, kyneinkenni og kynvitund.

Einnig munu samtökin vera nemendafélögum innan handar hvað varðar allar ráðleggingar sem snúa að hinsegin málefnum. Samningurinn gildir í þrjú ár og er ljóst að hann mun bæði auka samstarf HÍ og Samtakanna '78 og bæta hinsegin fræðslu innan greina Menntavísindasviðs.

Samtökin '78 og ríkislögreglustjóri eru að leggja lokahönd á samning sem undirritaður verður nú í mars. Í þeim samningi er kveðið á um skipulagða fræðslu fyrir starfsfólk fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra. Fræðslan fer fram einu sinni á ári á samnings tímabilinu og er tvær klukkustundir. Fræðslan verður skipulögð í samráði við sviðsstjóra þjónustusviðs fjarskiptamiðstöðvar, sviðsstjóra öryggismálasviðs ríkislögreglustjóra og forstöðumann Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar.

Einnig vinna Samtökin '78 stafrænt fræðsluefni um hinsegin málefni fyrir starfsfólk lögreglunnar á vegum Mennta- og starfsþróunarseturs sem vistað verður á þekkingartorgi lögreglunnar og nýtt í fræðslu fyrir lögreglufræðinema, rannsóknarlögreglunema o.fl. Þá munu Samtökin '78 kenna námskeiðin Hinsegin 101 og 201 á vegum Mennta- og starfsþróunarseturs.

Aukinheldur munu Samtökin '78 koma að rannsókn á afbrotum gegn hinsegin fólki sem og veita ráðgjöf um verklag ríkislögreglustjóra vegna beinnar og óbeinnar mismununar, kynbundins áreitiss, kynferðislegs áreitiss, kynbundins ofbeldis og eineltis innan lögreglunnar.

STYRKIR EINSTAKLINGA OG FYRIRTÆKJA

Samtökin '78 búa vel að mörgum velunnurum félagsins en fjöldi einstaklinga hefur lagt samtökunum lið á starfsárinu í hinum ýmsu málefnum. Í ágúst bárust fréttir af því að Samtökin '78 væru rekin á yfirdrætti og var Reynir Grétarsson snöggur til að stíga inn og greiddi fyrirtæki hans InfoCapital upp yfirdrátt samtakanna. Sagði Reynir að honum hafi blöskrað frétttaflutningur af fjárskorti samtakanna og sagt að svo falleg samtök sem Samtökin '78 eru ættu ekki að þurfa að borga yfirdrátt.

Þann 11. nóvember fengu Samtökin '78 svo fréttir af því að Brimborg vildi styrkja félagið í þágu öruggara samfélags. „Félagslegur hreyfanleiki er einn dýrmætasti eiginleiki nútíma samfélags og aðeins er hægt að vernda hann með því að byggja á grundvallarþáttum eins og öryggi í mannlegum samskiptum, siðferðislegri fyrirhyggju, jafnrétti og virkri þátttöku í samfélaginu. Okkur rennur því blóðið til skyldunnar að hjálpa til, sérstaklega þegar hallar á hóp í samfélaginu sem á allt sitt undir virku lýðræði og mannréttindum,” sagði Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar.

Að auki hefur fjöldi fyrirtækja lagt baráttunni lið með fjárstuðningi og má þar t.d. nefna Öryggismiðstöðina, Advania, Te & Kaffi, Landsbankann, Distica og Pink Iceland.

SAMNINGAR VIÐ FYRIRTÆKI

Unnið er að því að gera fleiri samninga við fyrirtæki í landinu og eru Samtökin '78 í viðræðum við Festi, Ölgerðina, Advania, Rio Tinto Alcan og Te & Kaffi um þjónustu- og styrktarsamning sem tengist nýju þróunarverkefni Samtakanna '78: Hinsegin vottun. Viljayfirlýsing sem skrifuð var undir með Samkaup er enn í gildi og hafa Samtökin '78 verið í virku samtali við fyrirtækið síðustu misseri. Nánar má lesa um þessa samninga undir kaflanum „Fræðsla“.

SAMSTARF VIÐ FYRIRTÆKI

Nokkur fyrirtæki hafa aukinheldur leitað til Samtakanna '78 þegar kemur að hinsegin málum, eru ávallt tilbúin til samstarfs, ásamt því að vera alltaf til staðar þegar samtökin þurfa á smærri styrkjum eða þjónustu að halda. Viljum við sérstaklega nefna Kíkí Queer Bar, Skúla Craft Bar, Grænu stofuna, Hopp, Jómfrúna, Gaukinn, Wolf Town, Mótíf auglýsingavörur og Litróf – prentsmiðju. Er þeim þakkað sérstaklega fyrir góðvildina.

UPPFÆRÐ GJALDSKRÁ

Í ágúst uppfærðu Samtökin '78 gjaldskrá sína og leggja nú aukna áherslu á að ná til starfsfólks sem vinnur með börnum, stofnana í velferðarþjónustu og félagasamtaka. Ákveðið var að hækka gjaldskrána og var hlutfallslega mest hækkun á stærri fyrirtæki. Gjaldskrá eins og hún lítur út í dag:

Nemendafræðslur	26.900 kr. klst.
Starfsfólk sem vinnur með börnum	32.900 kr. klst.
Stofnanir í velferðarþjónustu	42.900 kr. klst.
Aðrar stofnanir	59.900 kr. klst.
Fyrirtæki (undir 50 starfsmenn)	84.900 kr. klst.
Fyrirtæki (yfir 50 starfsmenn)	104.900 kr. klst.
Félagasamtök	Eftir samkomulagi
Yfirlestur skjala og gagna	18.900 kr. klst.
Erindi á ráðstefnum	49.900 kr. klst.
Akstursgjald	111 kr. pr. km.

KOMANDI REKSTRARÁR

Sú ákvörðun var tekin árið 2018 að skuldsætja félagið tímabundið til að fjárfesta í verkefni sem myndi auka sjálfsaflafé til framtíðar. Árið 2022 skilaði það sér stórlega, en áframhaldandi stækkunarfasi er áætlaður á árinu 2023. Samkvæmt fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að skila rekstrarárinu 2023 á jöfnu, en með auknum verkefnum, auknu starfsmannahaldi og enn meiri stækkun þá er erfitt að spá almennilega fyrir um hve miklum afgangi eða halla Samtökin '78 munu enda í á árinu 2023. Þess ber að geta fá félagasamtök hafa vaxið jafnhrott og Samtökin '78 á síðustu árum.

REKSTRARFÉ

2018	35.764.672 kr.
2019	41.483.265 kr.
2020	57.030.500 kr.
2021	75.066.949
2022	123.736.998 kr.
2023	129.669.093 (skv. fjárhagsáætlun)

STARFSFÓLK OG SKRIFSTOFA

Starfsmannahald Samtakanna '78 hefur tekið nokkrum breytingum á starfsárinu. Daníel E. Arnarsson er enn framkvæmdastjóri og hefur sinnt þeirri stöðu síðan í júlí 2017. Tóttla I. Sæmundsdóttir er fræðslustýra síðan í desember 2020. Bergrún Andradóttir, fyrrum móttökuritari, hefur gegnt stöðu skrifstofustýru á starfsárinu. Var hún upphaflega ráðin í apríl 2021 en hefur verið í fullu starfi skrifstofustýru frá upphafi starfsárs. Sigurgeir Ingi Auðar-Porkelsson lét af störfum sem kynningar- og viðburðastjóri í nóvember á árinu, en hann hafði gegnt þeirri stöðu frá febrúar 2021. Er Sigurgeiri þakkað innilega fyrir hans störf fyrir Samtökin '78.

Í upphafi septembermánaðar 2022 var loks ráðinn ráðgjafi í fulla stöðu, en Sigríður Birna Valsdóttir var ráðin teymisstýra ráðgjafa. Sigríði Birnu þarf vart að kynna enda hefur hún unnið sem verktaki hjá Samtökunum '78 frá árinu 2009. Það var mikill áfangasigur að fá loks ráðgjafa í fulla stöðu en Sigríður Birna er nú teymisstýra ráðgjafa ásamt því að sinna daglegri ráðgjöf og almennri hagsmunabaráttu fyrir hinsegin samfélagið.

Í október var svo Vilhjálmur Vilhjálms (Villi) ráðið í stöðu fulltrúa á skrifstofu. Villi hefur verið virkt í hinsegin baráttunni í áraraðir og meðal annars verið formaður Hinsegin daga - Reykjavík Pride. Starf Villa er í mótun nú í byrjun ársins 2023 og mun starf hans taka breytingum á allra næstu mánuðum.

Í febrúar 2023 var svo Íris Tanja Flygenring ráðin í fulla stöðu sem fræðari. Eftir að sveitarfélögum fór að fjölga þá var þörfin mikil fyrir fræðara í fullri stöðu og Íris Tanja, sem hefur verið verktaki í fræðslustarfinu síðasta misseri, var ráðin til Samtakanna '78.

Þann 1. apríl næstkomandi verður svo sjöundi einstaklingurinn ráðinn í tímabundið árs verkefni til að bregðast við bakslagi í réttindabaráttu hinsegin fólks.

Starfsfólki Samtakanna '78 hefur því fjölgað úr einu og hálfu stöðugildi árið 2018 í sjö árið 2023. Er þetta skýrt merki um það hve ört Samtökin '78 hafa vaxið á síðustu árum, og einnig hve þörfin fyrir aukna þjónustu og réttindabaráttu er mikil.

Samtökin '78 eru afar stolt af starfsfólki sínu og er nýtt starfsfólk boðið innilega velkomið.

VERKTAKAR

Líkt og með starfsfólk þá hefur verktökum einnig fjölgað á starfsárinu. Verktökum má skipta í tvennt, þau sem vinna í fræðslustarfi Samtakanna '78 og svo þau sem vinna í ráðgjafateymi.

Með breyttu fyrirkomulagi í fræðslustarfi Samtakanna '78 þá var ákveðið að ráða

verktaka til að sinna fræðsluerindum en reiða sig ekki á sjálfboðaliða. Vegna þessa voru þau Mars M. Proppé, Lilja Ósk Magnúsdóttir, María Rut Kristinsdóttir, Íris Tanja Flygenring og Sveinn Sampsted ráðin inn sem verktakar í fræðslustarfinu. Hafa þau sinnt fræðsluerindum til starfsfólks grunnskóla, til nemenda, íþróttafélaga, félagasamtaka og opinberra aðila. Áður voru þær Ástrós Erla Benediktsdóttir og Sólveig Rós í fræðslustarfinu. Tóttla I. Sæmundsdóttir er yfir fræðslustarfi Samtakanna '78 og hefur á síðasta starfsári byggt upp öflugt og vandað teymi fræðara.

Ráðgjafateymi Samtakanna '78 hefur alla tíð verið skipað verktökum þar til nú á starfsárinu en Sigríður Birna Valsdóttir var ráðin teymisstýra ráðgjafa. Nokkrar breytingar hafa orðið á ráðgjafateyminu á starfsárinu. Todd Kulczyk hefur hætt hjá Samtökunum '78 og er honum þakkað innilega fyrir alla þá vinnu sem hann hefur lagt til hinsegin baráttunnar. Todd er ómetanlegur ráðgjafi sem af verður missir. Nú inn í ráðgjafateymið eru þau Ivana Goláňová, sálfræðingur, Elín Margrét Ólafsdóttir, sálfræðingur, Margrét Nilsdóttir, sálfræðingur, og Alexander Björn Gunnarsson, félagsráðgjafi. Þjóðum við þau öll innilega velkomin til starfa. Fyrir í ráðgjafateyminu voru Ástrós Erla Benediktsdóttir, Guðbjörg Ottósdóttir, Guðrún Häsler, Ragnar Skúlason, Sigurður Ýmir og Wiesiek Kaminski. Sigríður Birna Valsdóttir er sem áður segir teymisstýra ráðgjafanna.

Á árinu hætti Helga Baldvins Bjargar sem lögfræðiráðgjafi Samtakanna '78. Í hennar stað var ráðin Krístrún Elsa Harðardóttir, lögmaður, og hefur hún sinnt lögfræðiráðgjöf síðan í ágúst 2022. Í febrúar 2023 var ráðin annar lögfræðingur í þá ráðgjöf, en Ingibjörg Ruth Gulín hóf störf sem nýr lögfræðiráðgjafi Samtakanna '78. Er því lögfræðiráðgjöf Samtakanna '78 í fyrsta skipti skipuð tveimur lögfræðingum.

Ásamt þessum verktökum þá hefur Hrefna Þórarinsdóttir, forstöðukona hinsegin félagsmiðstöðvarinnar, ráðið til sín tvo verktaka. Nánar má lesa um þau mál undir „ungmennastarf 13-15 ára“ hér að neðan.

Samtökin '78 eru afskaplega rík af mannauði og vilja þakka öllu sínu fólki fyrir óeigingjarna og mikilvæga vinnu á degi hverjum.

STARFSNEMAR

Tveir starfsnemar/sjálfboðaliðar störfuðu fyrir Samtökin '78 á starfsárinu. Þau Matilda Friedriech og Lydia Odin. Matilda Friedriech var alþjóðlegur sjálfboðaliði frá mars til september. Samtökin '78 og Alþjóðleg Ungmennaskipti (AUS) hafa átt í góðu samstarfi síðustu þrjú ár og þrír alþjóðlegir sjálfboðaliðir hafa starfað fyrir samtökin á þessum tíma.

Lydia Odin sótti um sem starfsnemi hjá Samtökunum '78 í gegnum háskóla sinn í Kaupmannahöfn. Lydia er þar nemi við félagsráðgjafadeild og voru verkefni hans fjölbreytt, allt frá skipulagningu viðburða til viðtala við einstaklinga sem leita að alþjóðlegri vernd. Lydia Odin var hjá Samtökunum '78 frá mars til sumarloka.

Er bæði Matildu og Lydiu Odin þakkað innilega fyrir sín störf.

SJÁLFBODALIÐASTARF

Eftir COVID-19 hefur gengið erfiðlega að ná aftur í þá sjálfboðaliða sem setið höfðu námskeið hjá Samtökunum '78. Var gripið til þess ráðs að bæta alla ferla og verklagsreglur þegar kemur að sjálfboðaliðum og í febrúar 2023 var loks haldið sjálfboðaliðanámskeið sem var afar vel sótt. Það er því von okkar að á næstu mánuðum munum við fá til liðs við okkur fleiri sjálfboðaliða sem vissulega munu létta verulega undir öllu starfinu.

HÚSNÆÐISMÁL

Samtökin '78 hafa skoðað nokkra húsnæðiskosti í kringum sig, því með auknu starfsmannahaldi þá þarf meira pláss. Eins og staðan er í dag virðist ekkert fýsilegt húsnæði vera í boði og því ákveðið að fjárfesta enn frekar í eigin húsnæði, til dæmis með breytingu á rýmum, betri skipulagningu á skrifstofu og að fara í enn frekari aðgerðir til að fegra rýmið.

Á haustmánuðum 2022 var ákveðið að taka hluta Suðurgötu 8 á leigu og hefur verið unnið að því að setja þar upp ráðgjafarmiðstöð, og frá 1. mars 2023 munu flest viðtöl og einhverjir stuðningshópar fara fram í því rými. Þetta þýðir að fundarherbergi mun losna í Suðurgötu 3, en það rými mun einnig nýtast sem aukaherbergi fyrir ráðgjöfina. Hin mikla aukning á eftirspurn í ráðgjöfina þýðir að umtalsvert er um það að tveir ráðgjafatímar eru teknir á sama tíma, og á tímum jafnvel þrír. Samtökin '78 búa svo vel að eiga góða granna sem lána gjarnan rými og herbergi til að hlaupa undir bagga.

Samtökin '78 þurfa stærra húsnæði á næstu misserum en eins og staðan er í dag reynum við að gera Suðurgötu 3 og Suðurgötu 8 að góðum kostum til að halda starfinu gangandi dag frá degi.

HEIMASÍÐA

Á heimasíðunni birta Samtökin '78 helstu fréttir af viðburðum og hægt er að beina flestum erindum í gegnum vefsíðuna, hvort sem það er beiðni um ráðgjafatíma, bókun á fræðsluerindi, skráning sem sjálfboðaliði, í stuðningshóp, á námskeið og svo framvegis. Heimasíðan er hlaðin efni um samtökin og því sem viðkemur samtökunum. Þar er yfirgripsmikið Spurt & svarað sem svarar öllu mögulegu sem viðkemur hinseginleika og starfi samtakanna.

Áfram er unnið að viðbótum og stefnt að því að setja ennpá meira efni til upplýsinga fyrir hinsegin samfélagið og aðra. Fyrirspurnum er beint í farveg innan heimasíðunnar með góðum árangri, og heimasíðan nýtist starfi samtakanna vel. Hún er til upplýsinga fyrir almennar fyrirspurnir en nýtist einnig til þess að koma beiðnum í réttan farveg og sem tæki fyrir starfsfólk til að halda utan um beiðnir og skráningar.

FACEBOOK

Á Facebook-síðu Samtakanna '78 er sagt frá hvað er á döfinni, fréttatilkynningum fylgt eftir og hinsegin fréttum deilt. Síðan er okkar helsta tæki til miðlunar á upplýsingum og veitir innsýn í starfið, ásamt því að vera vettvangur til þess að minna á samtökin og baráttumál okkar. Á síðunni á að vera auðvelt að sjá hvað er framundan í félagsstarfi og hagsmunabaráttu. Í dag nýtist Facebook-síðan til samskipta, upplýsingamiðlunar og tengsl við samfélagið, í gegnum deilingar og skilaboð. Fylgjendur samtakanna á Facebook eru nú 9626, sem er 924 fleiri en í fyrra á sama tíma, eða rúmlega 10% aukning og því á pari við síðasta starfsár.

INSTAGRAM

Nærvera Samtakanna '78 á Instagram er mikilvægt tól í hagsmunabaráttunni. Hringrásin (e. story) er fljót og þægileg leið til þess að koma skilaboðum til samfélagsins og vera í tengslum við félagsfólk og önnur sem eru áhugasöm um okkar starfsemi. Rétt eins og með aðra samfélagsmiðla samtakanna er Instagram tæki til þess að koma á framfæri fróðleik, fréttum og því sem er á döfinni í félagsstarfi hjá okkur. Sýnileiki á samfélagsmiðlum er virkilega mikilvægur og Instagram er stór liður í því, en dreifing á efni samtakanna er töluverð á miðlinum.

TWITTER

Samtökin nýta Twitter áfram til þess að miðla upplýsingum, allt frá tímasetningum stuðningsfunda til fréttu og tilkynninga. Í dag eru fylgjendur orðnir tæplega 2400 talsins. Það er mikilvægt að vera á Twitter til að miðla upplýsingum en einnig til þess að vera meðvituð um umræðuna. Í fyrravor skapaðist umræða um kynsegin dag sem hliðstæðu við bónda- og konudaginn og varð sú umræða til á Twitter. Það var yndislegt að fylgjast með hinsegin samfélaginu taka þessum degi opnum örmum og Samtökin '78 tóku þátt í því. Miðillinn er frábrugðinn Instagram því Samtökin '78 geta verið í meira samtali við aðra, þar sem miðillinn er textabundinn.

FÉLAGATAL, FÉLAGSGJÖLD OG FÉLAGSSKÍRTEINI

Félagar Samtakanna '78 eru 1.455 þegar þetta er skrifað og hefur fjölgað um 91 á starfsárinu. Það fyrirkomulag að bjóða upp á þrjú félagsgjöld hefur reynst vel en fyrst var notast við fyrirkomulagið þegar félagsgjöld voru send út í fyrra. Í boði er almennt gjald upp á 5.900 kr., lægra gjald upp á 2.900 kr. og við bættist þriðja gjald upp á 500 kr. Gjaldinu er ætlað að vinna gegn því að hinsegin fólk veigri sér við að taka virkan þátt í starfinu vegna efnahagslegrar stöðu. Félagsfólk velur sjálf hvaða gjald þau vilja greiða og er engra útskýringa krafist. Einfalt er að uppfæra félagsgjald, sem og aðrar upplýsingar í félagatali á vefnum okkar, undir síðunni „Gerast félagi“.

Heildartekjur félagsins af félagsgjöldum árið 2022 námu 3.629.130 kr. Þetta er mikil hækkun frá fyrra ári en 684 einstaklingar greiddu félagsgjöld fyrir árið 2022 og hafa sjaldan verið fleiri greiðandi félagar.

Reynslan af rafrænum félagsskírteinum hefur verið góð en það háir útgáfu þeirra hve fá á félagatali hafa þar skráð tölvupóstfang. Nauðsynlegt er að hafa tölvupóstfang til að geta sent út hlekk til að sækja skírteinið. Á fjórða hundrað sóttu skírteinið sem er umtalsverð aukning frá um 100 félögum árlega sem sóttu skírteinið á pappírformi.

Hýsing skírteinanna er í höndum Smart Solution. Til að gæta allrar persónuverndar þá eru félagsskírteinin ekki persónugreinanleg, því á þeim er ekki að finna kennitölu heldur einungis félaganúmer sem aftur eru orðin hluti af félagatali Samtakanna '78. Nú geta félagar einfaldlega auðkennt sig með félaganúmeri. Félagsskírteinin, félaganúmerin og fleira því tengt má nánar lesa um á vefsíðunni okkar.

ÚTGÁFA

Grunnur hefur verið lagður að fjórum bæklingum sem gefnir verða út á þessu starfsári og hefur verktaki verið ráðinn í vinnu til að ljúka þeim sem allra fyrst. Miða bæklingarnir að starfsfólki í skólum, aðstandendum hinsegin fólks ásamt starfsfólki í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

REGNBOGAKORT ILGA-EUROPE

Í maí 2022 gaf ILGA-Europe út árlegt regnbogakort sem sýndi að staða Íslands í evrópsku samhengi hefur batnað töluvert á síðustu árum. Á þessu ári situr Ísland í 11. sæti listans og færist upp um þrjú sæti á milli ára, enda margt nýtt sem kom inn sem bætti stöðu Íslands á kortinu. Regnbogakortið skiptist í nú í sjö flokka, en flokknum lagaleg viðurkenning og líkamleg friðhelgi hefur nú verið skipt í tvennt og eru flokkarnir því sjö. Árið 2022 uppfyllti Ísland 61% af lagalegum réttindum hinsegin fólks, sem er hækkun um 7 prósentustig frá því í fyrra. Staða Íslands í dag skiptist svo í eftirtöldum flokkum:

Heildarstaða Íslands í lagalegum réttindum hinsegin fólks: 61%



Jafnrétti og bann við mismunun: 47%



Réttur samkynja para í fjölskyldumálum: 90%



Hatursorðræða og hatursglæpir: 26%



Lagaleg viðurkenning á kynvitund og líkamlegu friðhelgi: 80%



Líkamleg friðhelgi: 50%



Funda-, félaga-, og tjáningarfrelsi: 100%



Málefni hinsegin hælisleitenda: 50%



Ef við berum þessar tölur saman við ársskýrslu starfsársins 2021–2022 þá er töluverð hækkun í öllum flokkum en greinilegt að gera þarf mun betur þegar kemur að hatursorðræðu og hatursglæpum. Samtökin '78 hafa allt starfsárið sett mikla pressu á stjórnvöld til að setja í áætlun um þau mál, og sú vinnur hefur borgað sig því nú liggur fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um áætlun gegn hatursáróðri og hatursglæpum, sem vonandi verður samþykkt sem allra fyrst.

Einnig þurfum við að þrýsta á forsætis- og heilbrigðisráðuneytið til að nefnd um málefni intersex fólks verði aftur sett á laggirnar til að lagfæra það sem út af bregður í kafla um intersex fólk í lögum um kynrænt sjálfræði. Vonast er til þess að sú nefnd hefji aftur störf á árinu 2023.

Eins þarf að samræma lög þannig að þau nái yfir kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáningu þegar kemur að jafnrétti og banni við mismunun.

Þrátt fyrir umtalsverða hækkun og jákvæðar fréttir á síðustu árum þá þarf að gera enn betur.

ÁRSPING ILGA-EUROPE

Árสปing ILGA-Europe var loksins haldið aftur eftir þriggja ára bið vegna COVID-19. Sofía, Búlgaríu, voru gestgjafar hátíðarinnar í ár og hafa þau beðið síðan 2019 eftir því að geta haldið ráðstefnuna. Bilitis Resource Center Foundation, GLAS Bulgaria Foundation og Youth LGBT Organisation Deystvie sáu um skipulagningu ásamt ILGA-Europe.

Álfur Birkir Bjarnason, formaður, og Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri, sóttu þingið fyrir hönd Samtakanna '78 en aðeins tveir einstaklingar gátu sótt þingið að þessu sinni vegna áframhaldandi takmarkana í nokkrum löndum Evrópu vegna COVID-19.

Að þessu sinni voru einkennisorðin „Shaping the World to Come“ þar sem mikið var rætt um það bakslag sem hefur átt sér stað í mannréttindabaráttu hinsegin fólks. Fjöldi panela, námskeiða og fyrirlestra voru í boði, ásamt því að mikilvægt var að vera í samskiptum við þá aðila sem vinna í hinsegin baráttunni á degi hverjum, víðsvegar um Evrópu og Mið-Asíu. Stríðið í Úkraínu var vitaskuld í brennidepli, en hinsegin akívistar frá báðum löndum sóttu ráðstefnuna heim.

EFLING NORRÆNS SAMSTARFS

Rík áhersla var á norrænt samstarf á starfsárinu en landsfélögin sjö, frá hverju Norðurlandi, sóttu um styrk til að halda metnaðarfulla samnorræna ráðstefnu í Osló í maí. Upphaflega var lagt upp með að aðeins 4–5 fulltrúar frá hverju landsfélagi myndu sækja ráðstefnuna en þar sem nægilegt fjármagn safnaðist þá var möguleiki á að senda 15–20 einstaklinga til Oslóar, einnig frá öðrum hagsmunafélögum en landsfélögunum.

Fulltrúar frá Samtökunum '78, Trans Ísland, Intersex Ísland og Hinsegin dögum – Reykjavík Pride fóru til Oslóar fyrir Íslands hönd og tóku þátt í fjölbreyttri dagskrá. Það mikilvægasta við þessa ráðstefnu var að koma á skýrum boðleiðum milli landsfélagana sem báru hitann og þungann af skipulagningunni. Það gekk eftir en síðan í maí hafa landsfélögin verið í afar virku samtali og hyggjast halda því áfram.

Samtökin '78 sóttu um styrk til að halda samskonar ráðstefnu í Reykjavík, en Ísland er með formennsku í norrænu ráðherranefndinni, rétt eins og Noregur árið 2022, og því tilvalið að flytja ráðstefnuna til Íslands. Því miður fengu Samtökin '78, og önnur landsfélög, ekki sama styrk og fjármagnaði ráðstefnuna í Osló, en leitað er leiða, meðal annars með forsætisráðuneytinu, ríkisstjórn Íslands og einkaaðilum til að halda ráðstefnuna í Reykjavík árið 2023.

VESTNORRÆNT SAMSTARF

Á starfsárinu var ekki aðeins lagt upp með betra og nánara norrænt samstarf heldur þótti stjórn Samtakanna '78 mikilvægt að fylgjast grannt með nágrönnum okkar í Færeyjum og á Grænlandi, og efla þau samskipti enn frekar.

Bjarndís Helga og Vera Illugadóttir sóttu Færeyjar heim og tóku þátt í hátíðardagskrá Tórshavn Pride og unnu markvisst að því að koma á tengingu milli LGBT Føroyar og Samtakanna '78. Í framhaldi af því var sótt um styrk til að koma á verkefni milli landanna þriggja, en því miður fengu löndin ekki þennan styrk að svo stöddu en vinna að því að fjármagna verkefnið með öðrum hætti.

Ráðgert er að stjórn og starfsfólk Samtakanna '78 fari á Nuuk Pride nú í sumar og heimsæki tiltölulega nýstofnað félag hinsegin fólks í Grænlandi.

VERKEFNI MEÐ RÚMENÍU

Campus Pride, samstarfsverkefni Samtakanna '78 og rúmensku samtakanna MozaiQ lauk á starfsárinu. Verkefnið hófst árið 2021 og var þrískipt. Fyrsti fasi var heimsókn starfsmanns skrifstofu Samtakanna '78 til Braşov í Rúmeníu, annar fasi fólst í skýrslu um jafnréttisáætlun háskólanna allra á Íslandi og þriðja fasa lauk með heimsókn starfsfólks MozaiQ til Samtakanna '78, en þau heimsóttu Reykjavík í lok septembermánaðar. Fulltrúar þeirra funduðu með formanni Samtakanna '78, framkvæmdastjóra Samtakanna '78, Q - félagi hinsegin stúdenta, verkefnastýru Hinsegin daga, auk forseta og varaforseta Trans Íslands. Mikil ánægja var með heimsókn MozaiQ og við þökkum þeim kærlega fyrir samstarfið.

RÚMENÍA: NÝTT VERKEFNI

Samtökin '78 og Asociația Centrul de Acțiune pentru Egalitate și Drepturile Omului sem eru rúmensk samtök hinsegin fólks hafa sótt um styrk í gegnum EEA sem nánar má lesa um hér að neðan. Verkefnið miðar að því að rúmensku samtökin sækji Ísland heim, fái fyrirlestra, örnámskeið og fundi með íslensku hinsegin fólki sem vinnur í hagsmunabaráttu með það að leiðarljósi að flytja ákveðna þekkingu aftur til Rúmeníu. Töluverður munur er á réttindabaráttu hinsegin fólks í löndunum tveimur og hefur það verið á stefnu stjórnar síðustu þrjú ár að efla alþjóðasamvinnu til þeirra landa sem geta sótt þekkingu og styrk til Íslands. Áætlað er að heimsóknin fari fram í september ef styrkur fæst fyrir verkefninu.

VERKEFNI MEÐ EISTLANDI

Í desember heimsóttu fulltrúar Trans Alliance í Tallin, Eistlandi, Samtökin '78. Markmið verkefnisins var að styrkja sambönd milli hinsegin samtaka í löndunum tveimur ásamt því að efla trans og kynsegin fólk í Eistlandi. Samtökin '78 ásamt Trans Íslandi miðluðu þekkingu sinni á almennri hagsmunabaráttu, fjáröflun, gerð fræðsluefnis og fræðsluerinda, ásamt því að ræða mikilvægi fjölmiðla. Verkefnið var skipulagt af Trans Alliance og Samtökunum '78 með aðstoð frá Estonian LGBT Association, MTÜ Oma Tuba og Trans Íslandi.

VERKEFNI MEÐ LITHÁEN

Í desember ferðaðist framkvæmdastjóri Samtakanna '78 til Vilnius, Litháen, og tók þátt í metnaðarfullri dagskrá LGL (systursamtök Samtakanna '78 í Litháen) sem miðaði að því að setja aukinn þrýsting á stjórnvöld þar í landi til að breyta lögum sem banna fræðsluerindi og almenna umræðu um hinsegin fólk í skólum landsins. Þar að auki var markmiðið að miðla aðgerðaráætlun stjórnvalda á Íslandi, en Litháen hefur litið til Íslands við gerð sambærilegrar aðgerðaráætlunar.

Ásamt því að funda með LGL um málefnið sat framkvæmdastjóri í pallborði með LGL, velferðarráðherra Litháens og fulltrúa frá mannréttindaskrifstofu Litháen. Ýmsir hliðarviðburðir voru einnig í boði í þessari stuttu heimsókn, en meðal annars var skipulögð heimsókn í hollenska sendiráðið í Litháen og fundur með sendiherra Bandaríkjanna. LGL hyggst heimsækja Ísland og sitja IDAHOTBIT ráðstefnu sem haldin verður í maí í Reykjavík.

IDAHOT+FORUM RÁÐSTEFNA Í REYKJAVÍK

Samtökin '78 hlakka mikið til 11. maí en þá mun forsætisráðuneytið og utanríkisráðuneytið halda IDAHOT+Forum í Reykjavík. Samtökin '78 eru ráðuneytunum til halds og trausts og hafa þegar setið samráðsfundi vegna ráðstefnunnar. Samtökin '78 koma með hugmyndir að panelum, fyrirlesurum og fleiru, ásamt því að vekja athygli á ráðstefnunni til félagasamtaka víðsvegar um heiminn.

ALMENNT UM EEA (ACTIVE CITIZEN FUND) STYRKI

Það færast sífellt í aukana að hinsegin samtök, félög tengd Samtökunum '78 eða jafnvel systursamtök víðsvegar um Evrópu sækja styrk í gegnum EEA (Active Citizen Fund) og óska þá eftir því að Samtökin '78 gerist samstarfsaðilar í þeirri styrkumsókn. Sex slíkar umsóknir hafa verið sendar inn á starfsárinu með aðildarfélögum frá Eistlandi, Póllandi, Rúmeníu og Litháen. Active Citizen Fund er samvinnuverkefni Íslands, Sviss og Noregs sem gefur félagasamtökum í Evrópu kost á því að sækja um fjármuni til þessara landa og vera þá í auknu samstarfi við þessi þrjú lönd.

AUKIÐ SAMSTARF VIÐ AUS

Alþjóðleg Ungmennaskipti (AUS) hafa verið Samtökunum '78 til halds og trausts þegar kemur að ráðningu alþjóðlegra sjálfboðaliða. Á starfsárinu var ákveðið að Samtökin '78 gerðust þátttakendur að nýju verkefni með AUS sem miðar að því að ungmenni í Evrópu geti orðið sjálfboðaliðar á Íslandi í gegnum fleiri en eitt verkefni, en áður hafa Samtökin '78 unnið í verkefni sem heitir ICYE en þar velja sjálfboðaliðarnir fyrst land og svo er verkefnum útdelt. Til viðbótar við þetta verkefni hafa Samtökin '78 sótt um að gerast aðili að ICYE ESC sem snýr frekar að því að ungmenni velji sér áhugasvið og þar á eftir er þeim útdelt landi til að vinna í. Fimm umsóknir hafa þegar borist AUS frá ungmennum sem vilja gerast sjálfboðaliðar fyrir Samtökin '78. Þetta verkefni hefst formlega á haustmánuðum.

ÚKRAÍNA

Vegna árásar Rússa á Úkraínu í febrúar 2022 hafa Samtökin '78 fengið fleiri fyrirspurnir frá bæði úkraínsku og rússnesku hinsegin fólki sem íhugar að flýja til Íslands. Einnig hafa Samtökin '78 tekið á móti hinsegin flóttafólki sem þegar hefur verið boðið hingað af stjórnvöldum. Hefur þessi vinna gengið vel en úkraínskur túlkur var ráðinn ásamt því að sérstök vefsíða var sett upp á úkraínsku.

NIKK

Skrifstofa jafnréttismála norrænu ráðherranefndarinnar (NIKK) tók að sér hinsegin málefni fyrir nokkru og hefur samstarf við skrifstofu Samtakanna '78 því stóraukist með reglulegum samráðsfundum sem og síma- og netfundum. NIKK hefur birt skýrslur um stöðu hinsegin fólks á norðurlöndunum og mun setja aukna vinnu í að safna gögnum um hin ýmsu mál til að vera öflugur upplýsingagjafi til allra hinsegin félaga á Norðurlöndunum.

ALMENNT UM RÁÐGJAFAPJÓNUSTUNA

Samtökin '78 bjóða upp á ráðgjöf í formi viðtalstíma árið um kring. Hægt er að koma á staðinn eða fá viðtalstíma í gegnum síma eða yfir netið, fyrir einstaklinga, fólk í samböndum og fjölskyldur. Hægt er að panta ráðgjöf í gegnum heimasíðu Samtakanna '78 eða með því að senda skrifstofu tölvupóst. Ráðgjafarnir hitta skjólstæðinga sína í ráðgjafaherbergjum í húsnæðum Samtakanna '78 á Suðurgötu 3 og á Suðurgötu 8 og í einstaka tilfellum á einkastofum sínum. Skjólstæðingum stendur til boða ráðgjöf án endurgjalds en geta ef þess er óskað styrkt Samtökin '78, gerst Regnbogavinir og/eða félagar í Samtökunum '78. Ráðgjafar Samtakanna '78 benda einnig á aðra meðferðaraðila, telji þeir það eiga við, sem og ef fólk leitar eftir því.

Sú breyting varð á starfsárinu að 1. september var Sigríður Birna Valsdóttir ráðin í fullt starf sem teymisstýra ráðgjafa. Auk þess að sinna ráðgjöf og sálrænum stuðningi í viðtölum hefur teymisstýra yfirsýn yfir verkefni ráðgjafarþjónustu, heldur utan um þá verkataka sem sinna ráðgjöf og býður upp á handleiðslu fyrir verktaka sem sinna ráðgjöf og fræðslu.

MARKMIÐ MEÐ RÁÐGJÖFINNI

Ráðgjöfin er fyrst og fremst hugsuð fyrir hinsegin fólk og aðstandendur þeirra og er markmiðið að styðja þennan hóp, auka lífsgæði hans og bjóða upp á hinsegin staðfestandi ráðgjöf. Ráðgjöfin er öllum opin, félagsfólki jafnt sem öðrum. Flest sem leita til ráðgjafa samtakanna eru hinsegin eða aðstandendur hinsegin fólks. Flest eru að takast á við mál sem tengjast kynhneigð, kynvitund og/eða kyntjáningu á einhvern hátt. Mörg eiga við kvíða, þunglyndi og/eða félagslega einangrun að stríða og einnig geta verið vandkvæði í samskiptum við fjölskyldu og/eða annar vandi. Eins hefur það færst mjög í aukana að fagaðilar og stofnanir leiti til ráðgjafanna eftir fræðslu, ráðgjöf og upplýsingum.

RÁÐGJAFATEYMI

Hjá samtökunum er starfandi teymi fagaðila sem sér um félags- og sálfræðiráðgjöf. Ráðgjafarnir koma úr ólíkum áttum og hafa ólíka reynslu, bakgrunn og menntun. Þau eiga það sameiginlegt að hafa mikla þekkingu á hinsegin málum og eru því vel í stakk búin til að takast á við flestan þann vanda sem einstaklingar koma með auk þess að taka fullt tillit til kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar og/eða kyneinkenna einstaklinga.

Teymið tók töluverðum breytingum síðasta árið, bæði með tilkomu teymisstýru og svo hafa fjórir nýir ráðgjafar bæst í hópinn. Nú eru sjö ráðgjafar sem sinna reglulegri ráðgjöf og sálrænum stuðningi. Ráðgjafar geta boðið upp á ráðgjöf á íslensku, ensku, spænsku, tékknesku og pólsku en ef um annað tungumál er að ræða er boðið upp á túlkajónustu. Auk þessara sjö ráðgjafa er í boði að fá viðtöl hjá hjúkrunarfræðingi og lögfræðiráðgjöf.

Teymistýra ráðgjafa er Sigríður Birna Valsdóttir, leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur (ráðgjafi frá vori 2009, teymisstýra frá september 2022).

Önnur í teyminu eru:

Alexander Björn Gunnarsson, félagsráðgjafi (frá janúar 2022)

Ástrós Erla Benediktsdóttir, félagsráðgjafi (frá vori 2020)

Elín Margrét Ólafsdóttir, barna- og unglingasálfræðingur (frá maí 2022)

Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi (að nýju frá 2013)

Ivana Golánová, *sálfræðingur (frá mars 2022)*

Margrét Nilsdóttir, *sálfræðingur (frá október 2022)*

Ragnar Skúlason, *félagsráðgjafi (frá september 2018)*

Hann sinnti engri ráðgjöf árið 2022 en er nú að koma aftur til starfa.

Sigurður Ýmir Sigurjónsson, *hjúkrunarfræðingur*

Hefur sinnt fyrispurnum og ráðgjöf er varða heilbrigðisþjónustu hinsegin fólks frá ágúst 2020, bæði til einstaklinga og fagaðila í heilbrigðisþjónustu.

Wiesław Kaminski, *meðferðarfræðingur*

Hefur sinnt ráðgjöf frá janúar 2020 en hefur minnkað verulega við sig í ráðgjöfinni. Hann er þó tilbúinn til þess að sinna afmörkuðum verkefnum ef þarf og leiðir hóp fyrir erlent hinsegin fólk einu sinni í mánuði.

Lögfræðiráðgjöf sinna:

Ingibjörg Ruth Gulin (*frá janúar 2023*)

Krísturín Elsa Harðardóttir (*frá ágúst 2022*)

ALMENNT UM NOTENDUR ÞJÓNUSTUNNAR

Fólk leitar til ráðgjafa af ýmsum ástæðum. Mörg leita til okkar vegna hinsegin mála sem snerta þau beint eða einhvern nákominn þeim á meðan önnur leita vegna annarra mála vitandi að þeim verður vel tekið og að hinsegin málefni munu ekki flækjast fyrir ráðgjöfinni. Mál sem koma ítrekað upp í ráðgjöf eru t.d. kvíði, félagskvíði, einangrun, sambandserfiðleikar, sjálfsskaði, sjálfsvígshugsanir og svo að sjálfsögðu önnur mál sem tengjast beint kynvitund, kynhneigð, kyneinkennum og/eða kyntjáningu.

Ætla má að um 2/3 þess hinsegin fólks sem leitar í þjónustuna sé að taka sín fyrstu skref í að skilgreina hinseginleika sinn á meðan um 1/3 hafi verið með hinseginleika sinn á hreinu í fleiri ár. Þau leita þá frekar vegna annarra mála er ekki snerta hinseginleikann beint. Fólk getur þótt erfitt að leita til fagaðila og ræða sína kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og/eða kyntjáningu án þess að vera viss um að sá aðili hafi þekkingu á þessum málaflokkum.

Samtökunum '78 berast of oft fregnir af því að félagsfólk hafi leitað til ráðgjafa annars staðar og fengið ófullnægjandi þjónustu vegna vanþekkingar á hinsegin málefnum og að þau hafi jafnvel upplifað fordóma. Einstaklingar sem leita til ráðgjafa hjá Samtökunum '78 eru því að leita í hinsegin staðfestandi ráðgjöf, þar sem kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og/eða kyntjáningu þeirra er tekið sem sjálfsögðum og eðlilegum hlut og ekki lagt út af þeim breytum ef það á ekki við.

TÖLFRÆÐI ÁRSINS

Umfang ráðgjafapjónustunnar hefur aukist mikið á undanförunum árum en árið 2016 voru viðmælendur 181 og viðtölin 202, árið 2019 voru viðmælendur orðnir 345 og viðtölin 905, síðan þá hefur viðmælendum fjölgað töluvert og árið 2021 voru viðmælendur orðnir 670. Árið 2022 voru viðtölin um 1060 og viðmælendur í kringum 800. Þeim sem sækja sér ráðgjöf hefur því fjölgað töluvert á milli ára. Þessi fjölgun stafar m.a. af því að það hefur aukist mikið að fagfólk sem starfar með hinsegin fólk sækir sér ráðgjöf, t.d. kennarar, námsráðgjafar og starfsfólk velferðar- og heilbrigðisþjónustu. Þessir einstaklingar sækja yfirleitt ráðgjöf eingöngu í eitt skipti.


Fjöldi viðmælenda sem sótt hafa ráðgjafabjónustu




Kynvitund fólks sem sækir ráðgjafabjónustu




Kynhneigð fólks sem sækir ráðgjafabjónustu



Ástæður þess að fólk sækir ráðgjafabjónustu



Fólk sem sækir ráðgjafabjónustu hefur upplifað



Aldur viðmælenda – frá 5 ára upp í 85 ára



Eins má rekja þessa fjölgun til þess bakslags sem hefur orðið undanfarna mánuði og valdið miklum kvíða og vanlíðan á meðal hinsegin fólks og aðstandenda þeirra.

Þau sem sækja ráðgjöfina eru af öllum kynjum og er dreifing á milli kynja nokkuð jöfn þó að konur séu í töluverðum meirihluta þegar kemur að þeim aðstandendum og fagaðilum sem leita ráðgjafar.

Aldur viðmælenda er frá 5 ára og upp í 85 ára, um 35% viðmælenda eru yngri en 18 ára, og um 42% eru á aldrinum 20–45 ára.

Að meðaltali sækja viðmælendur einn til tvo ráðgjafatíma. Þó verður að hafa í huga að aðstandendur og fjölskyldur koma mögulega í einn ráðgjafatíma á meðan önnur koma í viðtöl mánaðarlega eða oftár yfir lengri tíma og dæmi eru um að einstaklingar hafi komi í yfir 25 viðtöl. Á það oft við um t.d. einstaklinga í leit að alþjóðlegri vernd en þau sækja sér oft ráðgjöf mánaðarlega á meðan á ferlinu stendur. Því er erfitt að festa fingur á það hve oft einstaklingar koma, þar sem hópurinn sem sækir sér ráðgjöf er fjölbreyttari en nokkru sinni.

Langflestir aðstandendur sem sækja ráðgjöf eru að óska eftir fræðslu og upplýsingum til að geta stutt börn og ungmenni sem eru að velta fyrir sér kynvitund sinni og/ eða kynhneigð og eru að stíga sín fyrstu skref í að koma út fyrir fjölskyldu/vinum og samfélagi. Við finnum fyrir auknum áhyggjum aðstandenda síðasta árið á hvernig samfélagið tekur á móti börnum þeirra hvort sem um er að ræða kynhneigð, kynvitund eða kyntjáningu.

Vert er að taka fram að að tölur um fjölda viðmælenda taka ekki með fjölda þeirra sem sækja stuðningshópa Samtakanna '78, sem eru sjö talsins og haldnir mánaðarlega hver. Þeir eru yfirleitt vel sóttir og um 40–70 manns sem nýta sér þá þjónustu í hverjum mánuði.

Hópar fyrir trans fólk á öllum aldri og aðstandendur hafa verið sérstaklega vel sóttir og greinilega mikil þörf á slíkum stuðningi.

STUÐNINGSHÓPAR

Sex stuðningshópar voru starfandi á starfsárinu. Sigríður Birna leiðir hóp fyrir trans börn og ungmenni 13–17 ára ásamt Elínu Margréti. Sigríður Birna hefur einnig leitt hópa fyrir trans fólk 18 ára og eldra, trans konur og fyrir aðstandendur trans barna og ungmenna. Á starfsárinu bættist einnig við hópur fyrir aðstandendur eldra trans fólks, kvenna, karla og kvára og hefur Margrét Nilsdóttir leitt þá fundi. Eins bættist við jafningjahópur lengra komins trans fólks 18+ en þeir fundir hafa verið leiddir af sjálfbóðaliðum hjá Samtökunum '78 sem sjálf eru trans. Í upphafi árs 2023 bættist einnig við stuðningshópur á ensku fyrir erlent hinsegin fólk búsett á Íslandi og hann leiða Ivana Golánová og Wiesław Kaminski og nú er verið að skipuleggja barnastarf fyrir trans börn og kynja-könnuði upp í 10 ára gömul sem hefur hlotið vinnuheitið „Regnbogastund“.

Eins stendur til að byrja með fundi fyrir trans menn 20 ára og eldri þar sem trans menn leiða hópinn og markmiðið er að rjúfa tilfinningalega einangrun sem getur oft fylgt ferlinu og veita hver öðrum stuðning á jafningjagrundvelli. Við höfum fengið sjálfbóðaliða til liðs við okkur bæði í barnastarfið og jafningjahópinn, en hugmyndin að honum kemur alfarið frá sjálfbóðaliðum sem vilja hefja slíkt starf.

LÖGFRÆDIRÁÐGJÖF

Síðan í október 2015 hafa Samtökin '78 boðið upp á lögfræðiráðgjöf til félagsfólks. Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir sinnti þeirri ráðgjöf þangað til í ágúst 2022 en þá tók Krístrún Elsa Harðardóttir lögmaður við ráðgjöfinni. Krístrún sinnti fyrst um sinn allri lögfræðiráðgjöf bæði fyrir félagsfólk og félagið sjálft. Ráðgjöf hennar til félagsfólks felst í því að veita lögfræðilega ráðgjöf um álitæfni sem félagsfólk stendur frammi fyrir og tengjast málefnasviði samtakanna. Ráðgjöf hennar fyrir félagið felst í því að vera ráðgefandi til stjórnar og starfsfólks félagsins vegna ýmissa álitæfna sem upp kunna að koma í starfi félagsins.

Ingibjörg Ruth Gulin lögfræðingur bættist í ráðgjafarteymið núna í janúar 2023 og sinnir bæði ráðgjöf til félagsfólks sem og til stjórnar og starfsfólks félagsins líkt og að framan er lýst. Ingibjörg sinnir frumathugun mála og metur það hvort og þá hvenær kalla þurfi lögmann félagsins að borðinu í samráði við framkvæmdastjóra samtakanna. Ingibjörg og Krístrún starfa náið saman að stærri álitamálum sem upp koma.

ÞRÓUN NÚVERANDI ÞJÓNUSTA OG UTANUMHALDS

Starf ráðgjafapjónustu er í stöðugri þróun og það er mikill hugur og metnaður í ráðgjöfum fyrir komandi ári. Með tilkomu stöðugildis teymisstýru er markmiðið m.a. að halda betur utan um ráðgjafa og samhæfa betur þá þjónustu sem við veitum. Það hefur fjölgað töluvert í ráðgjafateyminu og við höfum lagt áherslu á að ráða fólk með sem víðtækasta reynslu bæði er kemur að hinsegin málum og þekkingu af sálrænum stuðningi og vinnu með fólki í margskonar vanda. Eins reynum við alltaf að vera með ráðgjafa í okkar röðum sem hafa góða þekkingu á málefnum flóttafólks og hælisleitenda. Við leggjum áherslu á að öll geti sótt í ráðgjöf og að tungumál sé ekki hindrun. Við bjóðum upp á ráðgjöf á íslensku, ensku, spænsku, tékknesku og getum boðið upp á ráðgjöf á pólsku sé þess óskað. Þegar þess þarf leggjum við áherslu á að finna öfluga túlka sem helst hafa einhverja þekkingu/áhuga á hinsegin málefnum og hafa Samtökin '78 verið afar heppin með túlka fram að þessu.

Við leggjum áherslu á endurmenntun og fræðslu til ráðgjafa og haustið 2022 byrjuðum við að bjóða upp á reglulega fræðslufundi þar sem bæði er markmiðið að deila þeirri þekkingu sem er til staðar í hópnum og fá viðeigandi utanaðkomandi fræðslu. Eins hefur verið lögð áhersla á að ráðgjafar fái handleiðslu og teymisstýra býður upp á reglulega handleiðslu til ráðgjafa.

Komuskýrslurnar hafa sannað gildi sitt en teymisstýra hefur verið að yfirfara þær undanfarna mánuði með það að markmiði að gera þær skýrari og einfaldari í notkun og það er einnig verið að yfirfara verkferla og endurmat og gera ýmsar upplýsingar aðgengilegri bæði fyrir félagsfólk og starfsfólk.

Stuðningshópum og fundum fjölgar og þörfin á slíkum stuðningi hefur virkilega sýnt sig, en við höfum líka fundið fyrir þörf á meiri fræðslu og upplýsingum til félagsfólks og aðstandenda þeirra um afmörkuð mál. Við stefnum t.d. að fræðslufundum um málefni kynsegin barna og ungmenna og málefni trans barna og ungmenna á einhverfurófi.

Lögð hefur verið áhersla á að bæta starfsumhverfi ráðgjafa og í lok árs 2022 fékk ráðgjafapjónustan nýtt herbergi til afnota í nýju rými Samtakanna '78 að Suðurgötu 8. Sigríður Birna teymisstýra hefur að mestu flutt sín viðtöl þangað, sem gerir það að verkum að ráðgjafaherbergið á Suðurgötu 3 er laust fyrir aðra ráðgjafa og starfsfólk. Lögð hefur verið vinna í að gera bæði ráðgjafaherbergin hlýleg og þægileg og alltaf

aðgengileg fyrir ráðgjafarþjónustuna. Eins getum við nú boðið upp á tvo stuðningshópa á sama tíma sem hefur reynst mjög vel. Rýmið á Suðurgötu 8 er því miður ekki með aðgengi fyrir hreyfihamlað fólk þannig að þegar aðgengi er nauðsynlegt er þjónustan færð á Suðurgötu 3.

FRAMTÍÐ RÁDGJAFARÞJÓNUSTUNNAR

Framtíðarsýn ráðgjafarþjónustunnar er að á árinu 2023 verði haldið áfram að styrkja ráðgjafarþjónustuna með nýrri teymisstýru og hennar hlutverk skilgreint betur og þróað áfram. Haldið verður áfram að fara yfir ferla og verklag og gera skýrari verksamninga við verktaka sem sinna ráðgjöf.

Við erum með ótrúlega öflugan og færan hóp ráðgjafa sem mörg búa yfir þekkingu á hinsegin málum sem er vandfundin annars staðar og mjög mikilvægt að halda vel utan um teymið og gera allt til þess að starfsumhverfi þeirra sé þannig að þau vilji vera áfram og að þau geti þróast enn frekar í starfi. Við erum að vinna í að efla endurmenntun og viljum líka gefa ráðgjöfum færi á að sækja námskeið og/eða ráðstefnur erlendis, bæði til að sækja þekkingu sem er vandfundin annars staðar og til að efla tengsl við aðra sem vinna við hinsegin- og kynstaðfestandi þjónustu. Eins er mikilvægt að handleiðsla sé alltaf aðgengileg þar sem mál halda áfram að þyngjast og álagið hefur aukist verulega.

Mikilvægt er að halda áfram að greina þörfina og halda áfram að gera ráðgjöfina sýnilegri. Eins viljum við leggja meiri áherslu á mikilvægi hinsegin- og kynstaðfestandi þjónustu (e. Queer- and Gender Affirming Care), sérstaklega meðal annarra fagaðila innan velferðar- og heilbrigðisþjónustu, með samtölum, samvinnu og fræðslu.

Við munum halda áfram að efla stuðningshópana okkar, bæta við hópum og eins vinna að því að gera breytingar í hópastarfinu með það í huga að koma betur til móts við þau sem sækja hópana og til þess að ná til fleira fólks sem hugsanlega hefur ekki treyst sér til þess að sækja hópa eða þjónustu hjá okkur fram að þessu.

ALMENNT UM FRÆÐSLUNA

Ein af grunnstoðum Samtakanna '78 er fræðslustarf. Tóttla I. Sæmundsdóttir var fræðslustýra 2022 eins og síðustu ár. Fræðslan stuðlar að upplýstri umræðu og þekkingu á málefnum hinsegin fólks. Algengasta formið er fræðsla í skólum á leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Fagþekking þeirra sem starfa með börnum og ungmennum er mikilvægur hlekkur í að styðja við öryggi og heilbrigði unga hinsegin fólksins okkar.

Á starfsárinu hefur eftirspurn aukist eftir fræðsluerindum fyrir starfsfólk hjá fyrirtækjum og stofnunum sem gefur til kynna aukna meðvitund í samfélaginu okkar um stöðu hinsegin fólks á vinnumarkaði. Erindið Hinsegin og atvinnulífið hefur náð nokkru flugi og komið við í mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins.

Tilgangur fræðslustarfsins er að ná til þeirra sem á einhvern hátt tilheyra hinsegin heiminum, kynna þau fyrir þjónustu og félagsskap sem þeim býðst. Stuðla að upplýstri umræðu og og þar með að opnara og réttlátara samfélagi fyrir okkur öll sem gerir ráð fyrir hvers kyns fjölbreytileika. Það er ekki síður mikilvægt fyrir þau sem standa utan hinsegin samfélagsins að opna hugann og læra að mannflóran er fjölbreytt. Í lok hvernar fræðslu hefur verið gefið rými fyrir trúnaðarsamtöl og hafa unglingar og börn nýtt tækifærið til að spjalla.

FRÆDSLUSAMNINGAR

Eins og kemur fram undir öðrum kafla hér að ofan í þessari ársskýrslu þá eru tíu fræðslusamningar í gildi. Við Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbæ, Grindavíkurbæ, Snæfellsbæ, Garðabæ, Fjarðabyggð, Húnaþing vestra, Reykjanesbæ, Menntavisindasvið HÍ og forsætisráðuneytið.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Á árinu 2022 voru haldin 431 erindi fyrir um það bil 13.000 manns. Árið er nokkuð ólíkt seinustu árum þar sem nánast allar fræðslurnar voru í persónu. Á fyrri árum fóru þær flestar fram í gegnum netið vegna Covid og teljum við að gagn erindanna sé margfalt þegar við getum verið á staðnum. Samtölin við fólk eru gjörólík og fólk á það til að vera feimnara að spyrja eða ræða málin í gegnum netið.

FRÆDSLUTEYMI

Til að sinna aukinni eftirspurn fengum við til liðs við okkur teymi af verktökum: Ástrós Erla Benediktsdóttir, Lilja Ósk Magnúsdóttir, Íris Tanja Flygenring, Mars Proppé, María Rut Kristinsdóttir, Sólveig Rós og Sveinn Sampsted.

VIÐBRAGÐ VIÐ BREYTTUM AÐSTÆÐUM

Fræðsla ársins gekk mikið út á viðbrögð við þeim hræringum sem hafa átt sér stað í samfélaginu. Skólasamfélagið kallaði ítrekað eftir aðstoð þegar það kom að áreiti gagnvart börnum og unglingum. Fræðararnir okkar gengu oftar inn í erfiðar aðstæður heldur en árin á undan. Í sumum þeirra upplifðu þau jafnvel ógnandi aðstæður. Það var gelt á þau og þeim sýndur dónaskapur og yfirgangur.

FRAMTÍÐ FRÆDSLUNNAR

Fræðslan hefur þróast áfram á síðasta ári og tekið á sig nýja mynd með vaxandi aðsókn. Hún er fjölbreyttari en áður og höfum við tekist á við alls konar nýjar áskoranir. Stofnanir og fyrirtæki hafa verið meira áberandi á þessu ári og sótt meira í fræðslu og námskeið í boði samtakanna. Í framhaldinu sjáum við fyrir okkur að við getum verið töluvert fjölbreyttari og gert fræðsluna að stærri tekjulind fyrir samtökin, sem getur svo skilað sér inn í réttindabaráttuna og ráðgjöfina. Fræðslan stækkar ört og þarf fleira starfsfólk svo við getum sinnt öllum þeim erindum sem berast til okkar.

Fræðslan hefur verið viðbragðsdrifin hingað til. Við höfum haft bolmagn til að bregðast við þeim beiðnum sem okkur hafa borist og sinnt þeim, en sóknarfærin eru mörg og við þurfum að ákveða í framhaldinu hvernig við viljum sinna fræðslunni áfram. Samningunum við sveitarfélögin fjölga hratt og beiðnir um fræðslu á landsbyggðinni aukast. Á næsta ári gætum við þurft að þjálfa upp verktaka á mismunandi stöðum á landinu til að anna eftirspurn og lækka tíma- og ferðakostnað. Það myndi tengja okkur frekar við landsbyggðina og virkja okkur betur sem hinsegin félag alls landsins.

Við höfum hingað til sótt okkur verktaka og starfsfólk sem hafa verið færir með börnum og unglingum og hafa haft menntun á því sviði. Fyrir íþróttafræðslurnar höfum við svo fengið afreksmann í íþróttum sem hefur starfað lengi fyrir íþróttahreyfinguna. Næst væri gott að sækja sérfræðing í atvinnulífinu og vinnustaðamenningu þar sem vöxturinn er örastur.

Við höfum fundið mikinn meðbyr með fræðslunni og hefur biðtíminn fyrir þau sem eru utan samninga lengst. Þetta er góður tími til að koma fræðslunni að í atvinnulífinu og sækja þann hóp sem við höfum síst náð til hingað til. Eitt af því sem okkur hefur fundist erfiðast að nálgast þegar það kemur að vinnu með börnum og unglingum eru foreldrarnir. Það mætir fátt fólk í foreldrafræðslur og opnar fræðslur. Þetta er sá hópur sem sækir sér síst fræðslu, en það er svo sannarlega hægt að ná eyrum þeirra og virkja þau á vinnustöðum.

VÍSIR AÐ HINSEGIN VOTTUN – FYRIRTÆKI

Vegna aukins áhuga frá atvinnulífinu hafa fræðslustýra og framkvæmdastjóri unnið að pakka sem hægt er að bjóða fyrirtækjum landsins. Stefnan er að þetta sé allsherjar yfirhalning á hinsegin málum innan fyrirtækjanna og að við skiljum eitthvað eftir okkar til frambúðar.

Tilgangurinn er:

- að taka stór skref í málefnum hinsegin fólks
- að vera raunverulegur stuðningsaðili hinsegin samfélagsins
- að gefa skýr skilaboð til samfélagsins
- að vera leiðandi í mannréttindabaráttu
- að veita vönduðustu fræðslu og ráðgjöf sem völ er á
- að stuðla að breyttri vinnustaðamenningu

KENNARAÞING

Samtökin tóku virkan þátt í Kennaraþingi Kennarasambands Íslands. Þingið í ár fékk nafnið *Fögnum fjölbreytileikanum* og snerist alfarið um málefni hinsegin fólks í skóla-kerfinu. Samtökin héldu erindi ásamt fjölda annarra hinsegin fulltrúa á hinum ýmsu skólastigum.

LÖGREGLAN OG FANGELSISMÁLASTOFNUN

Dómsmálaráðuneytið fékk styrk fyrir aukinni fræðslu þegar kemur að málefnum hinsegin fólks. Lögreglan og Fangelsismálastofnun hafa nýtt sér samninginn vel og hafa verið haldnar reglulega fræðslur fyrir hina ýmsu hópa innan þeirra stofnana á árinu 2023.

ÍÞRÓTTAFRÆÐSLA

Haustið 2022 fór af stóð nýr fræðslupakki hjá okkur í Samtökunum '78: Hinsegin og íþróttir. Hann er sérstaklega ætlaður iðkendum, þjálfurum, starfsfólki og stjórnendum innan íþróttahreyfingarinnar. Fræðslan er blanda af Hinsegin 101, rannsókn Sveins Sampsted, íþróttufræðings og fræðara hjá okkur í Samtökunum '78, á upplifun hinsegin fólks í íþróttum á Íslandi og bæklingins Trans börn og íþróttir. Rannsóknina og bæklinginn má nálgast á vef Samtakanna '78.

Fræðslan hefur hlotið afar góðar viðtökur og hafa hátt í þrjátíu fræðsluerindi nú þegar átt sér stað. Þó fræðslan byggir alltaf á sama grunni þá er hver fræðsla sérsniðin að hverjum hóp fyrir sig.

Fjölmörg íþróttafélög og sérsambönd hafa þegar sótt fræðslu fyrir þjálfara, starfsfólk og iðkendur og listinn lengist með viku hverri.

SAMSKIPTI VIÐ ÚTLENDINGASTOFNUN OG KÆRUNEFND ÚTLENDINGAMÁLA

Undanfarin fimm ára hefur hópur hinsegin fólks sem leitar að alþjóðlegri vernd haldið áfram að sækja til Samtakanna '78. Þjónusta til þeirra er margskonar en miðar aðallega að því að vinna úr sálrænum áföllum sem hluti þeirra hefur orðið fyrir, vinna gegn streitu, þunglyndi, kvíða og fleiru til að tryggja að þau fái stuðning til að segja sögu sína svo þau hljóti réttláta málsmeðferð.

Flestir einstaklingar sem leita til okkar í þessari stöðu lenda í því að þeim er ekki trúað og að kynhneigð eða kynvitund þeirra sé dregin í efa. Samtökin '78 hafa reynt að koma þeim skilaboðum til Útlendingastofnunar og kærunefndar útlendingamála að það sé eðlilegt að einstaklingur sem komi frá landi þar sem aðrar kynhneigðir en gagnkynhneigð er hreinlega ólögleg, jafnvel refsiverð, að sá einstaklingur tjái sig ekki í fyrsta viðtali um kynhneigð sína - jafnvel þó að umræðuefnið beri á góma. Ástæðan er gífurlegt vantraust á yfirvaldi og ööryggi.

Samtökin '78 hafa verið í reglulegum samskiptum við ÚTL og KNÚ, þá aðallega með stuðningsbréfum. Aðallega eru Samtökin '78 í samskiptum við talsmenn viðkomandi aðila sem leita til okkar, og hefur sú vinna gengið afar vel. Þrátt fyrir að talsmannaþjónustan sé ekki lengur hjá Rauða krossinum þá hafa Samtökin '78 styrkt sambönd sín við ákveðna lögmenn.

MIKILVÆG ÁKVÖRDUN HÉRAÐSDÓMS

Héraðsdómur dæmdi þann 15. júlí að Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála hefðu ranglega ekki tekið kynhneigð manns trúanlega. Dómurinn er einsdæmi og sannar það sem Samtökin '78 ásamt lögmönnum að fordómar gagnvart þessum hópi fólks viðgangist innan ÚTL og KNÚ. Samtökin '78 vita af nokkrum einstaklingum sem hafa sótt þjónustu að mál þeirra liggi nú fyrir héraðsdómi og er dómskvaðningar beðið með ákveðinni eftirvæntingu.

NEYÐARAÐSTÖÐ

Samtökin '78 hafa áfram veitt nokkrum einstaklingum fjárhagslega aðstoð til lyfja-kaupa, til að komast leiðar sinnar og til að hafa þak yfir höfuðið, í örfáum tilfellum hafa Samtökin '78 þurft að styrkja einstakling til matarkaupa. Þetta er vitaskuld til marks um að einstaklingar sem leita að alþjóðlegri vernd hafa ekki náðar nægilega mikið af fjármunum til að lifa sínu daglega lífi.

AUKIN PRESSA FRÁ BANDARÍKJUNUM OG RÚSSLANDI

Vegna bakslags í nokkrum ríkjum Bandaríkjanna hafa Samtökin '78 fengið nokkur erindi frá einstaklingum sem þar búa en leitað er aðstoðar til að flytja til Íslands. Samtökin '78 hafa getað ráðlagt fólki hvernig þau bera sig að við komu og boðið fram aðstoð þegar einstaklingarnir koma til Íslands. Aukinheldur hafa Samtökin '78 fengið fjölda fyrirspurna frá Rússlandi. Eru þetta fyrirspurnir sem bætast við en reglulega fær skrifstofa beiðnir um aðstoð við að flýja land frá Miðausturlöndum og Afríku, og þá frá ríkjum sem banna aðrar kynhneigðir en gagnkynhneigð, og refsa fyrir það.

SAMNINGUR VEGNA MÓTTÖKU KVÓTAFLÓTTAFÓLKS

Sjá undir „Rekstur og fjármál – Þjónustu- og styrktarsamningar við ríkið“ hér að ofan.

LANDSPING HINSEGIN FÓLKS

Starfsárið hófst með krafti, á Landsþingi hinsegin fólks helgina 4.–6. mars.

Helgin var undirlögð hinseginleikanum, en föstudagskvöld bauð Vera – félag hinsegin kvenna og kvára sínu fólki að hittast á Loft Hostel í gleðistund.

Á laugardeginum var fjölbreytt málþingi á tveimur hæðum í lðnó, en hófst á busli í Naut-hólsvík með Sjósunðsklúbbinum Sæfríði klukkan ellefu, stundvíslega.

Landsþing hinsegin fólks lagði lðnó - menningarhús við tjörnina, undir sig og var dagskrá á fyrstu og annarri hæð.

Dagskrá í Hátíðarsal hófst á viðburðinum „Hinsegin heimilisofbeldi“. Stuttmyndin *Fyrir-gefðu* eftir Lovísu Láru Halldórsdóttur og Ingunni Míu Blöndal var sýnd, en að henni lokinni stjórnaði Benna Sörensen Valtýsdóttir, sérfræðingur í ofbeldisvörnum, og Ingunn Mía um málefnið og leiddu umræður. Á eftir sátu pallborð þær Sigríður Birna, ráðgjafi hjá Samtökunum '78, og Bríet Blær trans kona, ásamt Tómasi Þór sérfræðilækni í trans teymi Landspítala sátu pallborð sem bar heitið „Lífshættulegir biðlistar“, en Mars Proppé stjórnaði umræðum. Viðburðurinn Regnbogabörn fjallaði um hinsegin barneignir, en Guðlaugur Kristmundsson frá Félagi fósturforeldra og Rut Sigurðardóttir frá Íslenskri ættleiðingu sátu fundinn. Í lokin var svo „Kynfræðsla, tips and tricks“ þar sem Birna Gústafsson kynfræðingur kynnti öll áhugasöm fyrir þíkum, sjálfróun og fleiru.

Í Sunnusál á annarri hæð lðnó byrjaði dagurinn á jóga, leitt af Spektrum stúdíó. Eftir hádegishlé var upplýsingafundurinn „Kynhneigðarbundinn launamunur“ þar sem samstarf Samtakanna '78 og BHM var kynnt um rannsókn þar sem skoða átti stöðu hinsegin fólks á vinnumarkaði, en Vilhjálmur Hilmarsson kynnti rannsóknina. Í kjölfarið skýrði Bjarndís Helga Tómasdóttir, þáverandi ritari Samtakanna '78 frá verkefninu „Ein saga, eitt skref“ unnið í samstarfi við Þjóðkirkjuna.

Þar á eftir var viðburðurinn „HIV, 40 árum síðar“ þar sem Einar Þór Jónsson hélt erindi og Þorbjörg Þorvaldsdóttir, þáverandi formaður Samtakanna '78 stjórnaði umræðum. Í kjölfarið var viðburðurinn „Deitsena homma“ þar sem fimm hinsegin einstaklingar sem nota appið GRINDR spjölluðu um stefnumótamenningu á Íslandi. Viðburðum í Sunnusál lauk með spjalli Jordi Cortes um vinnu Rauða krossins með hinsegin fólki sem leitar að alþjóðlegri vernd á Íslandi.

Auk alls þessa var vegleg dagskrá fyrir ungmennin í Tjarnarsal Ráðhússins, vinnustofa um sjálfsmat og sjálfsuppbyggingu leitt af Vigdísí Ásgeirsdóttur og lauk á leiklistar-vinnustofu með Pálma Frey Haukssyni og Björk Guðmundsdóttur spunaleikurum.

lðnó – menningarhús var sneisafullt af fólki allan daginn. Gróflega metið voru hundrað og fimmtíu manns sem komu við á Landsþing, í spjall, kaffi og félagsskap í lðnó yfir daginn. Það voru svo um tvö hundruð manns sem mættu á Stórdansleik Samtakanna '78, þar sem gleðin var við völd frá 20.30 fram á nótt. Fyrst á svið var búrlesk, kabarett og drag-sýning með þeim Róbertu, Bibi Bioux, Vice Versa og Chardonnay Bublée. Hljóm-sveit Unu Stef ásamt Selmu Björnsdóttur, Hafsteini Þórólfs og fleiri góðum steig svo á svið og við tóku Margrét Erla Maack, Matthías, Vice Versa og Twinkle Starr í miðnætur-kabarett sem tryllti húsið. Ballinu lauk svo auðvitað á okkar allra besta Sigga Gunnars sem hélt uppi DJ stuðinu langt, langt fram á nótt.

Samtökin '78 þakka öllum sem tóku þátt hjartanlega fyrir. Eins viljum við þakka þeim sem sóttu málþing og dansleik innilega fyrir góða samveru og hlökkum til að vera með ykkur aftur.

SAMTÖKIN '78 Á HINSEGIN DÖGUM

Hinsegin dagar þetta starfsár voru einstaklega gleðilegir eftir ár (ft.) af samkomu-takmörkunum. Samtökin '78 tóku þátt í dagskránni og tóku að sjálfsögðu upp málningar-pensilinn við setningarathöfn hátíðarinnar en í ár var það Inclusive Progress Pride fáninn sem var málaður á Bankastræti. Fyrstu málningarstrokurnar tók vel valinn hópur, en gjaldkeri Samtakanna '78 var í þeim hópi. Í kjölfarið tók svo stjórn og starfsfólk upp pensilinn. Þann sama dag safnaðist saman góður hópur fólks í húsnæði Samtakanna '78 og málaði skilti í öllum regnbogans litum.

Viðburðurinn Hinsegin vinnumarkaður var haldinn á föstudag þar sem fyrstu niðurstöður rannsóknar BHM, ASÍ, BSRB og Samtakanna voru kynntar í Veröld með viðhöfn, þar sem forsætisráðherra ávarpaði fundinn, og þau Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, vinnumarkaðsráðherra, Sonja M. Scott, mannauðsstjóri CCEP á Íslandi og Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri Samtakanna '78 voru í pallborði.

Samtökin '78 buðu að sjálfsögðu upp á fræðslu í tilefni Hinsegin daga, en þetta árið var Tótla fræðslustýra með opna fræðslu í Bókasafni Hafnarfjarðar. Þá var líka veglegur sjónvarpsþáttur á RÚV, Fegurð í frelsi, að kvöldi 6. ágúst, þar sem Samtökin '78 spiluðu stórt hlutverk.

STARFSEMI Í REGNBOGASAL

Í ár var mikið líf og fjör í Regnbogasalnum. Salurinn hefur verið virkilega vel nýttur undir starfsemi Samtakanna og hagsmunafélaga undanfarið starfsár, sem er mikil breyting frá síðustu misserum. Í salnum eru viðburðir Samtakanna, til að mynda námskeið, bóka-klúbbur og stærri og minni fundir með ýmsum gestum, stjórnmalahreyfingum eða erlendum gestum.

Regnbogasalurinn er af og til lánaður til útgáfu, svo sem bókaútgáfu og hefur lukkast vel. Hagsmunafélögin nýta rýmið til stjórnarfundar, aðalfundar og viðburða á sínum vegum. Í salnum eru ekki gallerýsýningar en gamlar myndir frá sögu Samtakanna ásamt veggmynd Elíasar Rúna á suðurvegg prýða nú rýmið. Í salnum eru stuðningshópar að minnsta kosti þrjú kvöld í mánuði og félagsmiðstöðvarstarf 16–17 ára unglinga, en fyrr á starfsárinu var þar einnig starf 10–12 ára.

Eins er starfsemi HinUng virkt og Q félag hinsegin stúdenta heldur reglulega fræðslu-vísindaferðir fyrir nemendafélög háskóla á Íslandi.

Á döfinni er að skipta salnum upp til þess að skapa rými fyrir fundarherbergi, en þörf fyrir slíkt rými er gríðarleg.

EIN SAGA – EITT SKREF

Þann 8. ágúst 2020 kynntu Samtökin 78 og Þjóðkirkjan verkefnið Ein saga – eitt skref. Verkefnið var leitt af Samtökunum en með fjárstuðningi kirkjunnar. Markmið verkefnisins var að stíga fyrsta skrefið í að gera upp það misrétti sem kirkjan hefur í gegnum tíðina beitt hinsegin fólki.

Ákveðið var að ráða verkefnastýri og Bjarndís Helga Tómasdóttir fengin til þess að leiða verkefnið. Afurð verkefnisins, vefsíðan einsagaeittskref.is var svo kynnt í Skálholti þann 26. júní 2022. Þar má finna brot úr ítarlegum viðtölum sem Bjarndís tók við hinsegin fólki, aðallega homma og lesbíur, um samskipti þeirra við kirkjuna.

Þá var haldið þar málþing þar sem Ragnhildur Sverrisdóttir, Guðlaugur Kristmundsson og Sr. Hildur Björk Hörpudóttir fluttu erindi. Biskup Íslands og formaður Samtakanna 78 fluttu stutt ávarp og Bjarndís Helga og Pétur Markan kynntu verkefnið.

Samtökin 78 líta svo að hér sé einungs um fyrsta hluta verkefnisins að ræða enda kom bersýnilega í ljós í viðtölum að framkoma þjóðkirkjunnar við hinsegin fólki hefur skilið eftir sig djúp sár. Viðtölin voru mikilvægt fyrsta skref, Þjóðminjasafn Íslands mun fá heildarviðtölin til varðveislu og mun því saga þess óréttis sem kirkjan beitti hinsegin fólki ekki gleymast.

HINSEGIN KAUPFÉLAGIÐ

Kaupfélagið hefur verið sameiginlegt fjáröflunarverkefni Hinsegin daga og Samtakanna '78, en almennur rekstur þess hefur verið hjá sjálfboðaliðum. Hlutverk þess hefur verið að selja ýmsan varning til styrktar Samtökunum '78 og Hinsegin dögum en einnig til að sinna miðasölu viðburða á Hinsegin dögum - Reykjavík Pride í kringum hátíðina. Undanfarið hefur reksturinn verið í endurskoðun, en fjáröflunin hefur ekki verið að standa undir sér á vetrarmánuðum. Því hefur verið tekin sú ákvörðun að minnka umfang kaupfélagsins töluvert og því mun rekstur þess breytast nokkuð á nýju starfsári.

BÆLINGARMEDFERÐ

Lagafrumvarp um breytingu á almenningnum hegnignarlögum sem Hanna Katrín Friðriks-son ásamt fleirum leggur fram var endurflutt á Alþingi á starsfárinu. Með frumvarpinu er lagt alfarið bann við bælingarmedferðum við kynhneigð eða kynvitund. Samtökin '78 ásamt flestum innlendum hagsmunafélögum sem láta sig hinsegin réttindabaráttu varða eru á einu máli og styðja frumvarpið heilshugar, má þar nefna Barnaheill, Mannréttinda-skrifstofu Íslands, Trans Ísland, Intersex Ísland, Siðmennt og Hinsegin dagar – Reykjavík Pride. Þó kom það Samtökunum '78 á óvart hve andstaða við frumvarpið var mikil en nokkur fjöldi erlendra aðila lagðist gegn frumvarpinu á grundvelli þess að halda ætti þeim möguleika opnum á að bæla niður kynvitund barna. Er þessi þróun afar varhuga-verð. Vonast er til þess að frumvarpið komist í aðra umræðu sem fyrst á Alþingi, en málið liggur fyrir Allsherjar- og menntamálanefnd.

AÐGERÐAÁÆTLUN STJÓRNVALDA Í MÁLEFNUM HINSEGIN FÓLKS

Þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025 var samþykkt á Alþingi í júní 2022. Áætlunin er sú fyrsta sem snýr eingöngu að málefnum hinsegin fólks.

Áætluninni fylgir 21 aðgerð en hver og ein þeirra miðar að því að bæta stöðu og réttindi hinsegin fólks, samfélaginu öllu til hagsbóta. Aðgerðirnar eru margvíslegar og snerta sumar mörg svið og þar af leiðandi fleira en eitt ráðuneyti, sem og stofnanir, sveitarstjórnir, félagasamtök og hagsmunaaðila. Lögð er áhersla á fræðslutengd verkefni og vitundarvakningu um málefni hinsegin fólks, enda mikilvægt að auka þekkingu og búa til farveg fyrir málefnalega umræðu um stöðu og réttindi hinsegin fólks. Jafnframt er víkið að lagabreytingum, rannsóknum, stefnumótun og fleiru.

Aukinheldur hefur verið opnað mælaborð á stöðu aðgerðaáætlunarinnar sem finna má á vef stjórnarráðsins. Samtökin '78 komu að þessari vinnu bæði á núverandi starfsári og starfsárinu 2021–2022.

UMSAGNIR TIL ALÞINGIS OG Í SAMRÁÐSGÁTT STJÓRNVALDA

Líkt og fyrri ár sendu Samtökin '78 inn umsagnir við hin ýmsu frumvörp og aðgerðir er varða réttarbætur hinsegin fólks. Til Alþingis voru sendar umsagnir um fjögur frumvörp: Útlendingafrumvarp, almenn hegningarlög (bælingarmeðferð), um aðgerðaráætlun stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks og við fjárlög 2023. Að auki hafa Samtökin '78 sent inn minnisblöð til Alþingis og ráðuneyta.

BAKSLAG Í RÉTTINDABARÁTTU TRANS FÓLKIS

Líkt og má lesa um í þessari ársskýrslu, bæði í köflum um fræðslustarf og ráðgjöf þá má sjá að við erum í miðju bakslagi. Það mátti sérstaklega finna fyrir því í kringum Reykjavík Pride, en því miður með auknum sýnileika þá fáum við að sjá ákveðna hópa og einstaklinga vinna markvisst gegn baráttu hinsegin fólks. Samtökin '78 hafa brugðist við þessu með því að leggja áherslu á upplýsingaóreiðu, falsfréttir og hatursáróður í öllum sínum málflutningi - hvort sem það er á bakvið tjöldin eða opinberlega. Samtökin '78 vinna þessa baráttu með rökum og staðfestu, en festa sig ekki í opinber rifrildi eða deilur á samfélagsmiðlum. Samtökin '78 taka stöðunni alvarlega og munu áfram taka henni alvarlega og á þessu starfsári mun heilt stöðugildi bætast við sem hefur það að markmiði að vinna gegn þessu bakslagi með öllum tilteknum ráðum. Því má vænta þess að sjá enn meira af Samtökunum '78 í þessari umræðu.

UPPLÝSINGAÓREIÐA OG FALSFRÉTTIR

Hinsegin fólk á Íslandi finnur fyrir aukinni andúð í sinn garð. Tilveruréttur einstakra hópa innan okkar raða er sífellt dreginn í efa á opinberum og óopinberum vettvangi, gelt er á hinsegin fólk á götum úti, hinsegin fólk fær hatursskilaboð í gegnum samfélagsmiðla og nýnasistar skilja eftir skilaboð á veggjum um allt land.

Réttindabarátta og viðurkenning minnihlutahópa er ekki línulegt ferli og því miður sjáum við nú skýr merki þess sem gjarnan hefur verið nefnt bakslag í baráttunni. Þótt andúðin beinist að öllu hinsegin fólki, þá standa spjótin helst á trans fólki hér á Íslandi líkt og víða um hinn vestræna heim nú um stundir. Við hjá Samtökunum '78 erum gjarnan spurð að því hvað veldur þessari óhugnanlegu afturför, en ljóst er að skýringin er margþætt.

Árið 2019 voru lög um kynrænt sjálfræði samþykkt hér á landi, en með þeim fékk trans og intersex fólk löngu tímabæra réttarbót. Það er alþekkt í mannréttindabaráttu að þegar við stígum tvö skref fram þá getur það gerst að samfélagið stígi jafnharðan skref til baka. Þó svo að lögin standi og að trans og intersex fólk búi við kynrænt sjálfræði og líkamlega friðhelgi, þá hefur frumvarpið sannarlega truflað ákveðna hópa samfélagsins.

Einnig má ætla að félagsleg einangrun vegna COVID-19 spili ákveðið hlutverk í þessu sambandi. Sumt fólk leitaði meira í samfélagsmiðla og misvandaða netmiðla sem fréttafni, með þeim afleiðingum að misvísandi og oft rangar upplýsingar náðu fótfestu í umræðunni. Í samfélagi nútímans getur hver sem er stofnað fjölmiðil og tjáð skoðanir sínar, eða bókstaflega falsað fréttir sem eiga annað hvort við engin rök að styðjast eða rök sem vart halda vatni. Það vill svo til að fréttir um trans fólk í æsifréttastíl eru mikið lesnar, sem ýtir enn frekar undir vandann.

Jafnvel meðal hinna viðurkenndu fjölmiðla höfum við tekið eftir því að fólk sem hefur nær enga þekkingu á hinsegintengdum málum mundar pennann og fær birtar greinar sem vekja athygli. Hinn almenni lesandi treystir þessum fjölmiðlum og það leiðir af sér að fólk telur sig vera að lesa sannleika. Trans fólk og réttarbætur þeim til handa verður skyndilega eitthvað sem virkilega þarf að hafa áhyggjur af. Þessar greinar eru settar fram undir því yfirskeyni að þær séu að „spyrja spurninga“ eða „taka umræðuna“, en þegar lesið er á milli línanna geta þær ekki talist neitt annað en hatursáróður gagnvart ákveðnum hópi samfélagsins. Þetta er eitthvað sem samfélagið myndi jafnan ekki láta yfir sig ganga ef um aðra minnihlutahópa en hinsegin fólk væri að ræða. Trans fólk er í sérstaklega viðkvæmri stöðu gagnvart upplýsingaóreiðu og lygum, því almenningur hefur oft afar takmarkaða innsýn í veruleika þeirra.

Það hefur færst í aukana að andstæðingar trans fólks noti þá taktík að handvelja full-yrðingar eða staðhæfingar úr viðurkenndum rannsóknum. Þannig vantar nauðsynlegt samhengi í þá sögu sem sögð er og upplýsingar vísitandi afskræmdar. Slík vinnubrögð eru algeng í umræðunni um hormónameðferðir hjá trans börnum og unglingum, þar sem látið er í veðri vaka að öll börn sem vilja komast í hormónameðferð fái hana samstundis.

Staðreyndin er sú að ekkert barn eða ungmenni undir 18 ára aldri fær hormóna eða hormónabælandi lyf (blokkera) á Íslandi nema að hafa farið í gegnum greiningar- og transteymi BUGL. Í því ferli eru bæði barnið og foreldrar upplýst um allt sem meðferðin hefur í för með sér, m.a. allar þær aukaverkanir sem slík meðferð getur haft. Rannsókn eftir rannsókn hefur sýnt fram á að þrátt fyrir að slíkar meðferðir geti haft aukaverkanir eins og flest önnur lækni meðferð þá blikna þær í samanburði við afleiðingar aðgerðarleysis. Ávinningurinn af því að trans börn fái þjónustu er miklu meiri heldur en aukaverkanirnar nokkurn tímann. Þessar meðferðir eru veittar til að bjarga lífi fólks.

Önnur mýta er sú að fólk sé markvisst sannfært um að það sé trans og ýtt í aðgerðir og hormónameðferðir án þess að viðeigandi viðtals- og sálfræðimeðferð hafi farið fram. Þetta er argasta þvæla. Trans fólk þarf þvert á móti að berjast fyrir því að fá að fara í aðgerðir. Einnig er því gjarnan kastað fram að stór hluti trans fólks sjái eftir aðgerðum sínum, en samkvæmt nýrri rannsókn er um 0,3% sem finna til eftirsjá. Í öðrum aðgerðum, t.d. hnéliðaaðgerðum og augasteinsaðgerðum, er hlutfall þeirra sem finna til eftirsjá allt að 10% – eða þrjátíu sinnum hærra.

Afleiðingar þess að þjónusta ekki trans fólk geta verið skelfilegar fyrir andlega líðan þeirra. Að vera trans er ekki geðrænn vandi út af fyrir sig, þótt flest trans fólk upplifi einhvern kynama, en hann er misalvarlegur. Hins vegar getur það valdið mjög alvarlegum kynama ef fólk fær ekki þá viðurkenningu og/eða þjónustu sem það þarf. Hann birtist t.d. í miklum kvíða, þunglyndi, sjálfsskaða og jafnvel sjálfsvígstílaunum. Því miður hefur ekki tekist að bjarga öllum.

Hin raunverulega ógn er að trans fólk fái ekki heilbrigðisþjónustu eða sækir sér ekki aðstoð vegna fordóma samfélagsins. Það er miklu alvarlegra mál heldur en allt annað í þessari umræðu allri. Andúð á hinsegin fólki hefur litað hana og afvegaleitt.

Ef við viljum taka umræðuna um trans fólk, byrjum þá þar: „Af hverju fá þau ekki lífsnauðsynlega þjónustu?“

KÆRA Á HENDUR VARARÍKISSAKSÓKNARA

Stjórn Samtakanna 78 samþykkti 25. júlí að kæra ummæli Helga Magnúsar Gunnars-sonar, vararíkissaksóknara, til lögreglu. Helgi Magnús birti færslu þar sem hann sagði

hælisleitendur „auðvitað“ ljúga um kynhneigð sína og spurði hvort „einhver skortur [væri] á hommum á Íslandi.“ Var kæran á grundvelli 233.gr almennra hegningarlaga.

Eins og staðan er í dag þá hefur nýr lögreglustjóri verið skipaður yfir málinu til að gæta hlutleysis og hefur kæran verið send áfram til ákærusviðs.

MEINLAUST, SAMSTARF MEÐ JAFNRÉTTISSTOFU

Jafnréttisstofa hleypti þann 30. september af stokkunum vitundarvakningunni Meinlaust?

Vitundarvakningunni er ætlað að vekja athygli á birtingarmyndum kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni í samfélaginu og fá fólk til að opna augun fyrir sambandi á milli slíkrar hegðunar og hugmynda um karlmennsku, mörk og samþykki.

Kynbundin áreitni er með útbreiddustu vandamálum heims, hún á sér margar birtingarmyndir og hefur víðtækar afleiðingar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið allt. Í vitundarvakningunni er áhersla lögð á hegðun sem mörg telja saklausa og er ætlunin að draga fram samfélagslegt mynstur sem er alls ekki eins meinlaust og halda mætti.

Jafnréttisstofa leitaði til Samtakanna '78 til að safna saman sögum af áreitni sem hinsegin fólk hefur orðið fyrir í samfélaginu. Megnið af áreitni er svokallað örارةitni. Örارةitni er hugtak sem er notað yfir hversdagslegar athafnir, athugasemdir eða umhverfisþætti sem eru niðrandi eða niðurlægjandi fyrir fólk sem tilheyrir jaðarsettum hópum.

Slíkar athugasemdir eru stundum ætlaðar sem hrós og fólk er oft ómeðvitað um afleiðingarnar. Þess vegna getur verið erfitt að koma auga á örارةitni og jafnvel erfiðara að benda gerendum á að hegðun þeirra hafi skaðleg áhrif. Þegar jaðarsett fólk verður fyrir örارةitni reglulega eykur það álagið sem það verður fyrir og gerir jaðarstöðu þess áþreifanlegri.

Áreitni er aldrei meinlaus.

Birtust myndirnar og sögurnar á samfélagsmiðlum nú í febrúar.

BLÓÐGJAFIR MSM

Þrátt fyrir fögur fyrirheit frá heilbrigðisráðuneytinu þá bólar lítið sem ekkert á neinni réttarbót þegar kemur að blóðgjöfum MSM. Samtökin '78 hafa útt á eftir málinu í meira en áratug og hafa átt yfir 50 samráðsfundi með heilbrigðisráðuneytinu, blóðbankanum, embætti landlæknis, sóttvarnarlækni og ráðgjafanefnd um fagleg málefni í blóðbankaþjónustu. Svo virðist sem ákveðin kergja er á vissum stöðum vegna málsins, þrátt fyrir að vilji stjórnvalda sé skýr. Við vonum innilega að á starfsárinu muni þetta taka breytingum til hins betra, og við náum loksins að landa þessu máli með tilheyrandi réttarbótum fyrir karlmenn sem stunda kynlíf með öðrum karlmönnum.

NIÐURGREIÐSLA Á GEYMSLU OG UPPTÖKU KYNFRUMA HJÁ LIVIO

Líkt og með blóðgjafirnar þá hefur lítil hreyfing verið á þessu máli innan heilbrigðisráðuneytisins. Samtökin '78 munu setja málið ofar í forgang á starfsárinu.

REGLUGERÐ UM HOLLUSTUHÆTTI OG REGLUGERÐ UM VINNUEFTIRLIT

Það er mikið fagnaðarefni að þær tillögur sem Samtökin '78 og Trans Ísland um breytingar á reglugerðum um hollustuhætti og vinnueftirlit hafi loks ratað í aðgerða-áætlun í málefnum hinsegin fólks, en þar segir: Gerðar verði breytingar á reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti, reglugerð nr. 814/2010, um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, og reglugerð nr. 460/2015, um baðstaði í náttúrunni. Markmið aðgerðarinnar verði að tryggja að tekið sé tilliti til trans fólks og þar á meðal fólks með hlutlausu kynskráningu í ákvæðum sem snúa að aðgengi að salernum og annarri aðstöðu.

HIV-JÁKVÆÐIR OG SJÚKRATRYGGINGAR

Á þarsíðasta starfsári sendu Samtökin '78 erindi á öll tryggingafélög, en í svörum þeirra kom í ljós að HIV-jákvæðir höfðu nánast engan rétt á sjúkratryggingum og ef þau höfðu það þá var sá réttur afar skertur. Sú breyting hefur orðið á í dag að flest tryggingafélög heimila HIV-jákvæðum að versla sjúkratryggingar en það fyrir herra verð en gengur og gerist, þrátt fyrir að einstaklingar séu á lyfjum sem halda sjúkdómnum algjörlega niðri. Samtökin '78 hafa velt því fyrir sér hvort að þetta sé ekki brot á lögum um jafnræði á vörum og þjónustu, en sjúkratryggingar falla þar undir. Hafa Samtökin '78 þrýst á Alþingi að komast að því í gegnum ráðuneyti hvort að þetta þurfi ekki að skoða betur.

UMBOÐSMAÐUR BARNNA

Líkt og síðustu þrjú starfsár þá hafa Samtökin '78 eftt samstarf sitt við umboðsmann barna. Telja Samtökin '78 það afar mikilvægt að vera í góðu samtali og vinna náið með umboðsmanninum þegar kemur að almennum réttindum barna, og barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Samtökin '78 hafa átt þrjá formlega fundi, ásamt fjölda óformlegra funda, við UB á starfsárinu og munu halda því áfram. Samtökin '78 telja það gríðarlega mikilvægt að börn njóti fullra réttinda og að í öllu starfi sé miðað að því að virða þeirra rétt og frelsi.

BARNA- OG FJÖLSKYLDUSTOFA

Á starfsárinu var lögð áhersla á að styrkja samband milli Samtakanna '78 og barna- og fjölskyldustofu (áður Barnaverndarstofa). Fræðslustýra fundaði ítrekað með starfsfólki stofnunarinnar með það að sjónarmiði að auðvelda það að tilkynna ofbeldi gagnvart hinsegin börnum, hvort sem það var ofbeldi milli barna, eða þegar fullorðinn einstaklingur beitir hinsegin barn ofbeldi. Mikilvægt er að þetta sé skráð sérstaklega, það er ef ofbeldinu er beitt á grundvelli kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Eins var stofnunin frædd um það hvað fellur undir hatursáróður og haturstengt ofbeldi, og ofbeldi sem beinist sérstaklega að hinsegin börnum og unglingum.

HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Samtökin '78 áttu afar góðan fund með forstjóra heilsugæslunnar ásamt öðru góðu fólki. Tilefni fundarins var óskýr staða á innkirtladeild Landspítalans sem hafa hætt þjónustu við trans fólks þegar kemur að hormónum. Eins og staðan er í dag þá þarf innkirtla-sérfræðingur að skrifa út hormóna við upphaf hormónameðferðar, en ekkert sem talar gegn því að þegar hormónameðferð er hafinn þá geti heimilislæknir séð um hluta eftirfylgninnar, og var það efni fundarins. Heilsugæslan tók afar vel í erindið og vilja þjónusta trans fólk í þessu millibilsástandi og má vænta þess að þau hefji sína þjónustu á allra næstu vikum.

EMBÆTTI LANDLÆKNIS

Samtökunum '78 berast reglulega mál um það sem má betur fara innan heilbrigðis-kerfisins og eru það reglulega mál er tengjast trans fólki og trans börnum. Hafa Samtökin '78 farið með þau mál áfram. Flest málanna eru einstaklingsmál sem erfitt er að gera grein fyrir í ársskýrslu en almennari mál tengjast til dæmis hormónamedferðum, biðlistum, skurðstofutímum og samskiptum við Landspítalann. Öll samskipti við embætti landlæknis hefur einkennst af fagmennsku og virðingu fyrir okkar málstað og er starfsfólki embættisins sérstaklega þakkað fyrir.

SÓTTVARNALÆKNIR

Í fjölda ára hafa Samtökin '78 átt reglulega fundi með Þórólfi Árnasyni, sóttvarnalækni, hafa samskipti við hann ávallt verið góð og gefandi. Við þökkum Þórólfi innilega fyrir hans störf og samstarfið. Samtökin '78 hafa áfram verið í virkum samskiptum við núverandi sóttvarnalækni, Guðrúnu Aspelund, og hefur okkur verið mætt með fagmennsku. Samskiptin voru mikil á meðan mPox faraldurinn var í hámarki á Íslandi. Vildi sóttvarnalæknir vera í virkum samskiptum við hagsmunafélag hinsegin fólks á meðan á faraldrinum stóð. Áframhaldandi vinna er vissulega enn í gangi.

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Á síðustu árum hafa Samtökin '78 lagt aukinn þrýsting á ráðuneytið til að bregðast við kynrænu sjálfræði en svo virtist sem nokkrar reglugerðabreytingar hafi ekki ratað inn á borð ráðuneytisins til að samræma eldri reglugerðir við ný lög um kynrænt sjálfræði. Tveir fundir voru haldnir með ráðherra á árinu ásamt því að Samtökin '78 skiluðu minnisblaði til ráðuneytisins um þær reglugerðabreytingar sem við töldum að þurfti að breyta hið snarasta. Þar má til dæmis nefna reglugerð er kveðjur á um laser-medferð við hárvexti, en þar var ekki búið að bæta við kynhlutlausri skráningu sem gerði það að verkum að kynsegin fólk datt út úr sjúkratryggingakerfinu þegar kom að þeim aðgerðum. Fjöldinn allur er af slíkum reglugerðum og á þessu starfsári mun heilbrigðisráðuneytið frá ítarlegra minnisblað með hugmyndum að úrlausnum.

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Forsætisráðuneytið er stærsti einstaki samningsaðili Samtakanna '78, en á sama tíma mikilvægur samstarfsaðili í gegnum skrifstofu janfréttis- og mannréttindamála. Forsætisráðuneytið leitaði til Samtakanna '78 þegar kom að uppfærslu á Regnbogakorti ILGA-Europe, við gerð aðgerðaáætlunar í málefnum hinsegin fólks, við gerð Grænbókar á stöðu mannréttinda á Íslandi og einnig við gerð aðgerðaáætlunar til að sporna við hatri og hatursáróðri. Einnig eru Samtökin '78 nú til skrafs og ráðagerða við væntanlega IDAHOT ráðstefnu og hafa sent inn styrkumsókn fyrir samnorrænni ráðstefnu síðar á starfsárinu.

LANDSPÍTALI – HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Aukin pressa hefur verið sett á yfirstjórn Landspítala vegna stöðu þeirra sem bíða eftir kynleiðréttandi aðgerðum. Þrjú minnisblöð hafa verið send á yfirstjórn spítalans þar sem djúpum áhyggjum er líst af stöðu mála. Hafa Samtökin '78 ávallt fengið jákvæð viðbrögð frá spítalanum og hefur Landspítali lofað bót og betrun með biðlistaátaki. Þó verður að segja að biðlistar þeir sem snúa að neðanaðgerðum trans kvenna hafa setið á hakanum, og halda Samtökin '78 áfram að þrýsta á raunverulegar aðgerðir í þeim málum.

FÉLAGS- OG VINNUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Þau málefni sem snúa að þjónustu við hinsegin fólk sem leitar að alþjóðlegri vernd og hinsegin flóttafólki fellur nú undir félags- og vinnumálaráðuneytið. Eru Samtökin '78 komin með tengilið við þau verkefni sem skarast á milli Samtakanna '78 og ráðuneytisins og hafa samskipti verið afksaplega vönduð og fagleg hingað til. Á þessu starfsári er ráðgert að taka á móti hinsegin kvótaflóttafólki og eru Samtökin '78 í góðu sambandi við ráðuneytið vegna þessa.

SANNGIRNISBÆTUR TIL INTERSEX FÓLKIS

Samtökin '78 hafa lagt fram þá hugmynd um að stjórnvöld skoði hvort að leita ætti leiða til að intersex fólk sem hefur verið gerðar aðgerðir á, án þeirra leyfis, fái greiddar sanngirnisbætur. Þegar framkvæmdastjóri tók sæti á Alþingi sem varaþingmaður lagði hann fram eftirfarandi tillögu:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa starfshóp sem taki til skoðunar umfang aðgerða vegna ódæmigerðra kyneinkenna sem gerðar voru áður en lög um kynrænt sjálfræði voru samþykkt. Jafnframt verði kannað tilefni og grundvöllur þess að einstaklingum sem hlutu slíka meðferð verði bættur skaði sem kann að hafa hlotist af slíkum aðgerðum.

Ráðherra kynni Alþingi niðurstöður starfshópsins fyrir árslok 2022.”

Í greinargerð segir:

Á allra síðustu árum hefur fjöldi mannréttindastofnana hvatt ríki heims til að banna með lagasetningu ónauðsynlegar og óafturkræfar aðgerðir á fólki sem fæðist með ódæmigerð kyneinkenni, án upplýsts samþykkis. Hér á landi eru í gildi lög um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, sem banna slíkar aðgerðir.

Vitundarvakning hefur átt sér stað um réttindi fólks sem fæðist með ódæmigerð kyneinkenni, vegna lagasetningar í anda þeirrar sem nefnd hefur verið en einnig vegna þess fjölda einstaklinga sem stigið hafa fram og sagt sögu sína á síðustu árum. Fjöldi fólks hefur þurft að þola varanlega skerðingu á lífsgæðum vegna óafturkræfra og ónauðsynlegra aðgerða sem framkvæmdar voru á árum áður. Þekkt er að slíkar aðgerðir valda alvarlegum heilsufarsvanda sem fylgir fólki ævina á enda, til að mynda sársaukafullri öramyndun, beinþynningu og þvagrásarvandamálum. Víða um heim hafa greiningar á fósturvísun leitt til áhættusamra og óviðurkenndra lyfjameðferða á fósturstigi og langtímaheilsufarsáhrif af meðferðum sem einstaklingar með ódæmigerð kyneinkenni gangast undir eru lítt rannsökuð.

Í sögum þeirra einstaklinga sem stigið hafa fram vegna slíkra aðgerða hefur ítrekað verið lýst þeim alvarlegu sálfræðilegu áhrifum sem þær kunna að hafa. Sýnt hefur verið að inngrip í líkamlega friðhelgi fólks sem fæðst hefur með ódæmigerð kyneinkenni hafa viðvarandi félagsleg og sálræn áhrif. Umræða um málefnið hefur lengi sætt félagslegri bannhelgi með tilheyrandi áhrifum á líf fólks auk félagslegrar einangrunar. Þá eru einstaklingar sem fæðst hafa með ódæmigerð kyneinkenni í aukinni áhættu á brottfalli úr skóla, örðugleikum við að finna atvinnu vegna skorts á menntun, líkamlegra hamlana og félagslegrar skammar. Rannsóknir á jaðarsettum hópum hafa sýnt að líklegt er að einstaklingar innan þeirra verði fyrir félagslegri einangrun, þeir upplifi vanlíðan og þrói með sér geðræn vandamál. Tíðni þunglyndis, kvíða, sjálfskaða og sjálfsvíga er meiri meðal þeirra en almennt í samfélaginu.

Lögin um kynrænt sjálfræði eru ný af nálinni en þau tóku gildi fyrir aðeins tæpum þremur árum. Mikilvægt er að varpa ljósi á umfang aðgerða fyrir lagasetninguna og miska sem kann að hafa hlotist af þeim, með tilliti til bæði andlegrar og líkamlegrar heilsu. Með skipun starfshóps um sanngirnisbætur til handa fólki sem fæðst hefur með ódæmigerð kyneinkenni og aðgerðir voru framkvæmdar á að þeim einstaklingum forspurðum, innan opinberra sjúkrastofnana, gefst stjórnvöldum tækifæri til þess að axla ábyrgð á sínum þætti í því misrétti sem fólk með ódæmigerð kyneinkenni hefur verið beitt.

TRANS TEYMI BUGL

Áframhaldandi gott samstarf hefur verið á milli trans teymi barna- og unglinga-geðdeildar Landspítala. Á árinu áttu Samtökin '78 tvo formlega fundi með teyminu ásamt því að fá fræðslu um stöðu mála á deildinni. Samtökin '78 eru afar lukkuleg með það hve gott teymi hefur verið byggt upp á deildinni síðustu misseri og hve góð samskipti hafa skapast á milli Samtakanna '78 og BUGL. Vonast er eftir áframhaldandi góðu samstarfi því næg eru verkefni, þar má nefna biðlista sem skapast hafa á BUGL.

TRANS TEYMI LSH

Líkt og með trans teymi BUGL, sem oftast er kallað „yngra teymið“ í daglegu tali þá voru samskipti og samstarf við trans teymi Landspítala – Háskólasjúkrahúss, oft kallað „eldra teymið“ með hinu besta móti á starfsárinu. Líkt og með yngra teymið þá hefur það eldra glímt við ákveðinn fjárskort til að sinna hópi einstaklinga sem leita til þeirra, en mörg spennandi verkefni eru í kortunum sem mun leiða að sér bættari þjónustu fyrir trans fólk.

SAMRÁÐ MEÐ NEYÐARLÍNU OG NEYÐARMÓTTÖKU

Í minnisblaði samþykktu af heilbrigðisráðherra þann 14. júlí 2022 var lagt til að skipaður yrði starfshópur sem falið yrði að móta samræmt verklag fyrir heilbrigðisstofnanir vegna þjónustu við þau sem þangað leita vegna kynferðisofbeldis. Samtökin '78 voru ein þeirra félagasamtaka og/eða stofnana sem komu að þessu starfi og var skýrslu skilað 13. desember 2022.

Einnig hafa Samtökin '78 komið að vinnu neyðarlínunnar og þá sérstaklega að verkefni 112.is til að gera vefinn sem aðgengilegastann fyrir ólíka hópa samfélagsins.

SÝSLUMANNSEMBÆTTI

Á starfsárinu hefur allt starfsfólk sýslumannsembætta fengið fræðsluerindi frá Samtökunum '78. Einnig hafa Samtökin '78 verið í sambandi við embættin þegar kemur að viðbragði við til dæmis ofbeldi gagnvart börnum. Áætlað er að Samtökin '78 komi með erindi á Sýslumannsdeginum sem átti að fara fram núna í febrúar en hefur verið frestað lengra inn á starfsárið.

LÖGREGLAN OG LÖGREGLUSKÓLINN

Ásamt því að hafa verið í virkum samskiptum við Ríkislögreglustjóra þá hafa Samtökin '78 nú þegar frætt lögregluumdæmi og lögreglunema. Fræðslustýra hittir reglulega lögreglunema sem eru á öðru og þriðja ári, ásamt því að hafa farið með fræðsluerindi til allra varðstjóra og einnig til annars lögreglufólks í gegnum menntasetur lögreglufólks.

FANGELSISMÁLASTOFNUN

Í upphafi árs var lagt fram metnaðarfull fræðsluáætlun til að fræða fangaverði og annað starfsfólk fangelsismálastofnunar. Haldin voru fjögur fræðsluerindi þar sem talað var sérstaklega um kynskiptingu í fangelsum sem og ákveðnar kreddur sem eru óþarflega háværar í samfélaginu. Ásamt því héldu Samtökin '78 fund með stjórnendum stofnunarinnar.

10–12 ÁRA OG 13–15 ÁRA STARF

GRUNNUPPLÝSINGAR FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

Starfsfólk

Hrefna Þórarinsdóttir, forstöðukona 100% starfshlutfall
Luca Moi Forte, frístundaleiðbeinandi 20% starfshlutfall
Sólveig Johnsen, frístundaleiðbeinandi 12% starfshlutfall
Vigfús Karl Steinsson, frístundaleiðbeinandi 12% starfshlutfall

Sjálfbóðaliðar

Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir
Glóey Þóra Eyjólfssdóttir
Guðbjört Kvien
Kristmundur Pétursson
Máni Emeric Primel
Sylvía Rún Rósmundsdóttir
Vilma Þórarinsdóttir
Viktória Rún Þorsteinsdóttir
Yrsa Björt Kvien

Þjónustutími og fastir fundir með teyrum

Þriðjudagar: 13–16 ára starf
Hópastarf frá 17:30–19:00
Opnun frá 19:30–22:00
Fimmtudagar: 10–12 ára starf
Opnun frá 16:30–18:00
Fastir fundir vikulega með deildarstjóra Unglingastarfs Tjarnarinnar/
framkvæmdarstjóra S78 frá 15–16 á þriðjudögum

UMBÓTAADGERÐIR

Hópastarf fyrir 13–16 ára ungmenni

Markmið	Að auka þjónustu við þátttakendur í starfi félagsmiðstöðvarinnar með því að bjóða upp á áhugamálstengda hópa; Dungeons&Dragons annarsvegar og þrjónaklúbb hinsvegar.
Lýsing	Vikulegir hittingar þar sem spilað er D&D og þrjónað eftir áhuga hvers og eins. Hópanir bjóða upp á tækifæri til tengsla, samskipta og skemmtunar.

Dagsetning	Ágúst 2022 – maí 2023
Ábyrgðaraðili	Forstöðukona og hlutastarfsmenn
Hinsegin fyrirmyndir	
Markmið	Að bjóða einstaklingum í heimsókn á opnun félagsmiðstöðvarinnar sem þykja fyrirmyndir í Hinsegin samfélaginu og lífinu sjálfu.
Lýsing	Heimsóknin fer fram í kynningu á einstaklingunum og spjalli við þátttakendur í starfi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar.
Dagsetning	Febrúar 2023 – maí 2023
Ábyrgðaraðili	Forstöðukona

FAGSTARFIÐ

FORELDRASAMSTARF

Lögð hefur verið áhersla á að efla samráðsvettvang foreldra í 10-12 ára starfinu sem og að halda foreldrahópnum fyrir 13-16 ára virkum. Ekki var boðað til foreldrafundar á starfstímanum en stefnan er að halda slíkan fund þegar vora tekur.

ALLSKONAR MERKILEGT

- Unnið var markvisst að því að bæta tengsl við aðrar félagsmiðstöðvar og virkja þær í úrlausn mála sem komu uppá á opnunum. Samstarf og samráð milli félagsmiðstöðva í Reykjavík er til fyrirmyndar og stendur starfsfólki til boða að efla sig í starfi fyrir hinsegin ungmenni með því að taka vaktir í Hinsegin félagsmiðstöðinni og hefur það tækifæri verið vel nýtt á árinu.
- Ungmenni á vegum félagsmiðstöðvarinnar áttu fund með forsætisráðherra fimmtudaginn 10 nóvember þar sem umræðuefnið var augin hatursorðaræða, ofbeldi og fordómar gagnvart hinsegin ungmennum. Fundurinn heppnaðist með eindæmum vel og varð til þess að forsætisráðherra veitti Hinsegin félagsmiðstöðinni og S78 styrk til að taka á þessum málefnum með einhverjum hætti í starfi félagsmiðstöðvarinnar.
- Sky Lagoon bauð þátttakendum í starfi félagsmiðstöðvarinnar að hafa sér opnun í lóninu fyrir ungmennin. Opnunin var haldið þann 2. janúar og voru um 80 ungmenni sem tóku þátt í opnuninni. Við þökkum Sky Lagoon kærlega fyrir boðið og móttökurnar.
- Tveir hópar ungmenna tóku þátt í undankeppni fyrir Söngkeppni Samfésamtaka félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi. Fór svo að einn hópur hlaut sigur úr bitum og mun keppa fyrir hönd Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar í Laugardalshöll í maí næstkomandi.
- Hinsegin Landsmót var haldið í fyrsta skipti í 3-5 febrúar 2023 í samstarfi við Félagsmiðstöðvar Akureyrarbæjar. Landsmótið var haldið að Varmalandi og var gíst í skólahúsnæði Varmalands og dagskrá fór fram að hluta til þar sem og í félagsheimilinu.
- Um 50 ungmenni tóku þátt í þessu fyrsta landsmóti, alls 26 frá Hinsegin félagsmiðstöðinni og þótti það heppnast með eindæmum vel og er það von okkar allra að landsmótið verði endurtekið að ári.

Hinsegin Prom á Barnamenningahátíð

Markmið	Að fagna hinseginleikanum og gefa þátttakendum í undirbúningi reynslu í viðburðastjórnun.
Lýsing	Bókaður verður listamaður til að skemmta og sjá þátttakendur í undirbúningsnefnd alfarið um skipulagningu og framkvæmd með leiðsögn starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar.
Dagsetning	18. apríl 2023
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður

UMFJÖLLUN UM ÞÁTTTÖKU

Þátttakan undanfarið ár hefur verið með allra besta móti. Mikill áhugi er á starfinu og þátttakan eftir því. Nú í mars 2023 er meðalmætingin í starf félagsmiðstöðvarinnar 126 ungmenni á opnun sem verður að teljast með hæsta móti.

Dagskrá og aðrir viðburðir fara eftir hugmyndum frá þátttakendum og er leitað eftir hugmyndum mánaðarlega á opnunum og á Instagram reikningi félagsmiðstöðvarinnar.

16-17 ÁRA STARF

Frá septembermánuði 2022 var starfi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar aldurskipt og tóku Samtökin '78 við eldri hlutanum það er þeim krökkum sem hafa lokið grunnskóla en eru enn undir 18 ára aldri. Mars M. Proppé tók við starfinu sem verkefnastýri.

Síðan þá hefur starfið verið virkt einu sinni í viku, frá 19:30-22:00 á þriðjudögum í húsnæði Samtakanna '78 í Suðurgötu 3.

Að jafnaði mæta um tíu ungmenni í viku, en þó hafa komið kvöld þar sem yfir 20 ungmenni hafa mætt. Íðulega eru tvö fullorðin í húsi, Mars verkefnastýri og Sigur Rey sjálfboðaliði.

Fjölbreyttar opnanir hafa verið á árinu, en hópurinn hefur skipulagt alls konar kvöld, svo sem perluföndur, vinabandagerð, kvikmyndakvöld, halloween búningapartý, kakókvöld, náttfatapartý, ávaxtakörfukvöld, jólaföndur, spilakvöld, ísrölt og powerpoint karaoke.

Einnig hefur mánaðarlega verið Tea&Tea, en það eru hittingar þar sem fullorðinni hinsegin manneskju, og jafnvel meðfylgjandi gæludýri, er boðið í heimsókn og þau spurð spjörunum úr. Meðal manneskja sem hafa komið þennan veturinn eru þau Vera Illugadóttir dagskráargerðarmaður, Villi Vill (a.k.a. Lady ZaDude) dragdrottning Íslands og starfskvár Samtakanna '78, Sveinn Sampsted íþróttamaður og fræðari og Bjarni Snæbjörnsson leikari. Hundarnir sem komið hafa eru Strumpur og Ekkó.

Einnig hafa einstaka verkefni verið sameiginleg meðal 16-17 ára starfsins og Hinsegin félagsmiðstöðinni, sem er fyrir elstu bekk grunnskólaanna, börn á aldrinum 13-16. Farið var í Sky Lagoon með hópana á nýju ári, einstaka opnanir verið sameiginlegar og verið er að skipuleggja hinsegin prom, en þar verða öll velkomin á aldrinum 13-18, eins og hefð er orðin fyrir.

18–25 ÁRA STARF (HINUNG)

HinUng er hópur fyrir ungt hinsegin fólk á aldrinum 18–25 ára. Markmið hópsins er að einhverju leiti að brúa bilið milli Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar (fyrir 13–17 ára) og Q félagsins (félags hinsegin stúdenta) en einnig bara að bjóða upp á rými fyrir ungt hinsegin fólk að koma saman í góðu félagslegu andrúmi. Áhersla er lögð á trúnað, virðingu og traust á hittingum HinUng.

Hittingarnir eru annan hvern sunnudag kl. 19:00. Einnig er HinUng með lokaðan Facebook hóp fyrir hinsegin fólk á þessum aldri sem þau geta notað til að spjalla og tengjast.

Sigur Huldar tók við stjórn Hinung árið 2020 en vegna covid fór starfsemin ekki almennilega af stað fyrr en á liðnu ári, 2022. Starfsemin fór mjög rólega af stað. Það var lítil dagskrá í boði og fáir mættu á þá viðburði sem í boði voru. Enn var eitthvað um frestanir vegna faraldurs.

Um mitt árið 2022 stefndi Sigur Huldar á að víkka starfsemi Hinung og fá fleiri í lið með sér. Hún kallaði eftir fólki sem vildi sitja í stjórn með sér á Instagram og Hinung hittingum. Karen Ýr, Joseph Benedict og Sólveigu Marý bættust þá við í stjórnarteymi en þau þrjú ásamt Sigur Huldar skipa í dag stjórn Hinung. Stjórnin hittist reglulega og skipuleggur viðburði komandi vikna og mánuða.

Í kjölfar stjórnarskipta og aukins dagskrárframboðs fór fleira fólk að mæta á hvern viðburð og eru hittingar núna að telja í kringum 10–15 manns. Viðburðir eru haldnir annan hvern Sunnudag kl 19 í húsnæði Samtakanna '78 á Suðurgötu 3.

Í lok árs 2022 tók stjórnin sig til og ákvað að slá til lógó keppni fyrir HinUng. Hver sem er má taka þátt og sendir sína hönnun inn til Instagrams Hinung. Stjórnin mun kjósa um bestu hönnunina nú í lok febrúar/byrjun mars 2023.

Fjölmiðlaskýrsla árið 2022


Samtökin '78, félag hinsegin fólks á Íslandi



CREDITINFO HF.
Höfðabakka 9
110 Reykjavík
Tel: +354 550 9600
www.creditinfo.is


Nafn	Samtökin '78, félag hinsegin fólks á Íslandi
Kennitala	450179-0439
ISAT-flokkur	Starfsemi annarra ótalinna félagasamtaka
Rekstrarform	Félagasamtök
Heimilisfang	Suðurgötu 3
Póstnúmer	101

Umfang umfjöllunar eftir tegundum fjölmiðla árið 2022



Próun fjölda fréttar árið 2022 samanborið við 2021

Línuritid hér fyrir neðan sýnir próun fjölda birtra fréttar um fyrirtækið hjá öllum miðlum. Í töflunni má svo sjá niðurbrot á gögnum.



	2021	2022
Netmiðlar	126	223
Prentmiðlar	33	25
Sérvefir	35	48
Sjónvarp/Útvarp	12	35
Samtals	206	331

Þróun fjölda fréttar um fyrirtækið eftir fjölmiðlum árið 2022


	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Hlutdeild
Visir.is	3	1	2	4	2	2	16	12	2	1	7	3	25%
Frettabladid.is	6	1	5	0	4	4	8	5	2	3	4	2	20%
Mbl.is	1	3	0	0	1	5	7	14	1	1	6	0	17%
Ruv.is	2	2	1	1	6	6	7	9	0	2	2	1	17%
Stundin.is	0	0	1	0	2	2	2	1	0	0	0	0	4%
ruv.is - Menning	0	1	1	0	0	0	1	2	0	0	2	0	3%
Kjarninn.is	0	1	1	0	0	0	1	1	0	0	0	1	2%
Austurfrett.is	0	0	0	0	2	1	0	0	0	0	1	0	2%
Hringbraut.is	0	0	0	1	1	1	0	1	0	0	0	0	2%
vb.is	0	0	0	0	0	0	0	3	0	0	0	1	2%
Dfs.is	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	1	1%
DV.is	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1%
Frettatíminn.is	1	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	1%
vf.is	0	0	0	0	1	0	0	1	0	0	0	0	1%
vikudagur.is	0	0	0	0	0	0	0	1	1	0	0	0	1%
BB.is	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0%
Miðjan.is	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0%
Nutíminn.is	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0%
Skessuhorn.is - Fréttir	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0%
Netmiðlar samtals	13	9	13	6	19	22	42	52	7	7	24	9	
Fréttablaðið	4	0	0	0	1	1	3	0	0	0	1	0	40%
Morgunblaðið	0	0	0	0	1	3	1	0	1	0	2	1	36%
Stundin	0	0	0	0	1	1	2	1	0	0	0	0	20%
Viðskiptablaðið	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	4%
Prentmiðlar samtals	4	0	0	0	3	5	6	2	1	0	3	1	
Mannlíf.is	1	0	0	0	0	3	2	2	0	2	1	1	25%
kgp.is	0	0	1	1	1	0	1	0	0	0	2	0	13%
Smartland.is	1	0	0	2	0	0	0	2	0	1	0	0	13%
Miðlar Sveitafélaga og stofnana	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	2	1	8%
Vikurfréttir - vf.is	0	0	0	0	1	0	1	1	0	0	1	0	8%
Akureyri.net	0	0	1	0	2	0	0	0	0	0	0	0	6%
Gardabaer.is	0	0	0	0	0	0	2	0	0	0	1	0	6%
Fiskifréttir.is	0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	4%
Grapevine.is	0	1	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	4%
Rás 2 - þættir	1	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	4%
Eystrahorn.is	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	2%
Hjúkrun.is	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	2%
lífdununa.is	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	2%
Tröll.is	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	2%
Sérvefir samtals	3	1	3	4	5	3	6	10	0	4	7	2	
Sjónvarpið	0	0	0	0	2	1	2	3	0	2	1	1	34%
Stöð 2	0	0	2	1	0	1	3	3	0	0	0	0	29%
Rás 1 og 2	0	0	0	0	0	2	3	0	0	0	1	1	20%
Bylgjan	1	0	0	0	0	0	4	0	0	0	1	0	17%
Ljósvali samtals	1	0	2	1	2	4	12	6	0	2	3	2	
Alls	21	10	18	11	29	34	66	70	8	13	37	14	

Fréttaskor

Fréttaskor gefur raunsæja mynd af því hversu mikið vægi fréttin hefur fyrir ímynd fyrirtækisins. Það segir til um hvort fréttin sé virkilega um fyrirtækið, eða hvort umfjöllunin sé um annað en fyrirtækið, og hversu mikla athygli fréttin fær. Fréttaskorið er á bilinu 1-5 þar sem 1 er mjög lítið vægi og 5 er mjög mikið vægi.


Fréttaskor fyrir Samtökin '78, félag hinsegin fólks á Íslandi

Meðaltal: 3.0




Fréttaskor fyrir viðkomandi atvinnugrein

Meðaltal: 3.1




Próun fréttaskors



Þróun tenginga við Facebook

Línuritíð hér að neðan sýnir heildarfjölda Facebook-tenginga sem vísuðu í nafnið Samtökin '78, félag hinsegin fólks á Íslandi á árinu 2022.



	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Alls
Heildar-tengingar við Facebook	2,262	938	2,777	2,046	11,828	7,076	15,951	20,273	620	1,624	3,311	5,155	73,861


15 vinsælustu fréttirnar um fyrirtækið á Facebook 2022

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Nafn fjölmiðils	Heildartengingar
1	5/25/22	„Segja okkur að hengja okkur og drepa okkur“	Ruv.is	7,924
2	12/21/22	Pau eru tilnefnd sem maður ársins 2022	Visir.is	3,755
3	8/12/22	Reynir greiddi upp yfirdrátt Samtakanna '78: „Svona falleg samtök eiga ekki að þurfa borga yfirdrátt“	Visir.is	3,098
4	8/27/22	Saga um lítinn strákur - ákall til samfélagsins!	Stundin.is	2,414
5	6/15/22	„Hér er opinn faðmur og allir velkomnir“	Ruv.is	2,149
6	7/9/22	Gelt á þá fyrir að vera samkynhneigðir	Mbl.is	1,999
7	8/12/22	Velgjörðamaður greiddi upp yfirdrátt Samtakanna '78: „Algerlega orðlaus“	Frettabladid.is	1,407
8	7/10/22	Ekki langt í ofbeldið þegar fólk leyfir sér að sýna fordómum á götum úti	Visir.is	1,089
9	7/25/22	Samtökin '78 kæra vararíkissaksóknara til lögreglu	Frettabladid.is	1,088
10	6/25/22	Hryllingur í Noregi – Hryðjuverkaárás á hinsegin fólk: „Í hvaða heimi búum við eiginlega?“	Mannlíf.is	990
11	8/7/22	Samtökin '78 rekin á yfirdráttarláni	Visir.is	985
12	6/25/22	Sonurinn varð sterkari eftir að hann kom út sem trans	Stundin.is	940
13	3/10/22	Grét af gleði þegar hann var sæmdur heiðursmerki Samtakanna '78	Frettabladid.is	923
14	6/20/22	Ákvörðun sundsambandsins byggð á fávísi	Mbl.is	866
15	4/9/22	Sóttist eftir starfinu í New York	Smartland.is	819

Algengustu fyrirtækin í umfjöllun fjölmiðla árið 2022


Sæti	Nafn	Fjöldi fréttu
1	Sjálfstæðisflokkurinn	18,196
2	Vinstrihreyfingin-Grænt framboð	12,283
3	Framsóknarflokkurinn	12,119
4	Reykjavíkurborg	11,826
5	Alþingi	8,944
6	Ríkisútvarpið ohf.	8,356
7	Árvakur hf.	7,654
8	Forsætisráðuneyti	7,414
9	Samfylkingin - jafnaðarmannaflokkur Íslands	6,718
10	Háskóli Íslands	6,646
11	Torg ehf.	6,386
12	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	6,047
13	Landspítali	5,518
14	Seðlabanki Íslands	4,913
15	Íslandsbanki hf.	4,643
16	Ríkislögreglustjóri	4,445
17	Ungmennafélagið Breiðablik	3,885
18	Píratar	3,668
19	Akureyrarbær	3,641
20	Viðreisn - stjórn málasamtök	3,635
21	Dómsmálaráðuneyti	3,586
22	Isavia ohf.	3,564
23	Embætti landlæknis	3,555
24	Veðurstofa Íslands	3,539
25	Heilbrigðisráðuneytið	3,282
26	Fjársýsla ríkisins	3,174
27	Matvælaráðuneyti	3,136
28	ÍBV-Íþróttafélag	3,135
29	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	3,074
30	SagaNet - Útvarp Saga ehf.	3,066
...	...	
217	Eik fasteignafélag hf.	331
217	Samtökin '78,félag hinsegin fólks á Íslandi	331

Samanburður við önnur fyrirtæki í sömu atvinnugrein árið 2022




Nr.	Nafn	Fjöldi fréttu
1	Rauði krossinn á Íslandi	1,791
2	Neytendasamtökin	364
3	Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands	363
4	Öryrkjabandalag Íslands	361
5	Unicef Ísland	340
6	Samtökin '78,félag hinsegin fólks á Íslandi	331
7	Stígamót	307
8	Krabbameinsfélag Íslands	300
9	Hinsegin dagar í Reykjavík - Reykjavík Pride	299
